

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 27. apríl 2010

## STEFNA

Hróbjartur Jónatansson hrl.

Kringlunni 4-6

103 Reykjavík

GJÖRIR KUNNUGT: Að hann þurfi f.h. Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, Sóltúni 26, Reykjavík að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Guðnýju Sigurðardóttur, kt. 220969-4019, Vesturbrún 8, Reykjavík, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kt. 270168-4509, óstaðsettur í hús í Bretlandi, Lárusi Welding, kt. 111276-4399, óstaðsettur í hús í Bretlandi, Magnúsi Arnari Arngrímssyni, kt. 090673-4089, Klettási 6, Garðabæ, Pálma Haraldssyni, kt. 220160-3789, óstaðsettur í hús í Bretlandi og Rósant Má Torfasyni, kt. 210871-4709, Daltúni 19, Kópavogi og in solidum til greiðslu skaðabóta auk vaxta og málskostnaðar.

### DÓMKRÖFUR:

Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda, in solidum, skaðabætur að fjárhæð kr. 6.000.000.000,- (sex milljarðar króna) auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 21.7.2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað til stefnanda, in solidum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða eftir mati dómsins verði reikningur ekki fram lagður og tekið verði tillit til þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

### FYRIRSVAR:

Samkvæmt 2. málsl. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.), sbr. lög nr. 130/2004 og 44/2009, tekur slitastjórn almennt við þeim réttindum og skyldum, sem stjórn fjármálafyrirtækis og hluthafafundur höfðu á hendi, við slit fyrirtækisins. Samkvæmt 3. tölul. V. ákvæðis til bráðabirgða með fftl., sbr. lög nr. 44/2009, skal skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað á grundvelli 5. mgr. laga nr. 125/2008, hafa áðurgreinda stöðu og hlutverk slitastjórnar skv. 2. málsl. 4. mgr. 101. gr. fftl. Af þeim sökum fer skilanefnd Glitnis banka hf. með fyrirvar í máli þessu, fyrir hönd bankans, sbr. og 1. mgr.



135. gr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.) Formaður skilanefndar er Árni Tómasson, kt. 251055-7269, Hraunbraut 20, Kópavogi.

#### MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:

Hróbjartur Jónatansson hrl., Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík, flytur mál þetta f.h. stefnanda.

#### MÁLSATVIK:

Helstu málavextir eru þessir:

1.

Glitnir banki hf. (hér eftir ýmist nefndur, „stefnandi“, eða „bankinn“) er hlutafélag skv. hfl. Stefnandi er jafnframt fjármálafyrirtæki í skilningi ffl. Þá var stefnandi skráður sem almenningshlutafélag á skipulegum verðbréfamarkaði skv. lögum um verðbréfavíðskipti á tímabilinu 18. maí 2000 – 14. október 2008 en þann dag var hann afskráður í OMX Kauphöll Íslands. Afskráningin gerðist í kjölfar þess að Fjármálaeftirlitið (FME) yfirtók þann 7. október 2008 vald hluthafafundar bankans á grundvelli 100. gr. a. ffl., sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 og vék frá kjörinni stjórn hans þann 8. október 2008 (dskj. nr. 3). Skipaði FME bankanum skilanefnd þann dag til þess að stýra bankanum í sínu umboði. Hlutverk skilanefndar er að varðveita eignir bankans og tryggja verðmætis háþrókun þeirra. Þann 11. maí 2009 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur bankanum slitastjórn á grundvelli 101. ffl., sbr. lög nr. 44/2009 til þess að annast um slit bankans í samræmi við grundvallarreglur gjaldþrotalaga nr. 21/1991.

2.

Árið 2006 átti almenningshlutafélagið FL Group alls 30,4% í stefnanda. Stærstu hluthafar í FL Group hf. voru þá Oddaflug B.V (19,8%), í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra; Baugur Group hf. (18,2%), í aðaleigu stefnda Jóns Ásgeirs og fjölskyldu hans; Gnúpur fjárfestingafélag (17,2%) og Icon og Materia Invest (10,7%), í eigu Þorsteins Jónssonar og Magnúsar Ármann.

Aðrir stórir eigendur í bankanum voru, annars vegar, félög tengd Einari Sveinssyni þáverandi stjórnarformanni bankans og hins vegar, Milestone hf., og félög í eigu Karls Wernerssonar og tengdra aðila.

3.

Þann 10. apríl 2007 barst tilkynning til Kauphallar Íslands hf. um að breyting hefði átt sér stað í eigendahópi bankans. Samkvæmt henni hafði Einar Sveinsson þá stjórnarformaður bankans selt eignarhlut sinn og Milestone hf. meirihluta af sínum eignarhluta í bankanum. Kom fram að Einar og tengdir aðilar hefðu selt 2,6% í bankanum sem og Milestone hf. og tengd félög um 13,5%, samtals 16,1% eignarhluta í bankanum. Samtals hefðu þessir aðilar selt tæplega 2,4 milljarða hluta á genginu 27,82 eða fyrir tæplega kr. 67.000.000.000. Kaupendur að þessum hlutum voru Icarus Invest ehf. í eigu Saxbygg Invest ehf. sem keypti 5% eignarhluta í Glitni. Fyrir viðskiptin var eignarhlutur þeirra og skyldra aðila 1,91%, og



heildareign þeirra af hlutafé Glitnis nam því 6,91%. Þá keypti Jötunn Holding ehf. viðbótar 2,5% eignarhlut í Glitni. Fyrir átti Jötunn Holding 6,85% af hlutafé Glitnis og nam heildareign eftir kaupin því 9,35%. Eigandi Jötuns Holding var Baugur Group hf. sem átti 30%, Fons hf. í eigu stefnda Pálma átti 10% og West Coast Capital átti svo 60%. Baugur Group hf. átti einnig hluta í West Cost Capital. Aðalstjórnandi Baugs Group hf. var stefndi Jón Ásgeir Jóhannesson. Við kaupin urðu því ráðandi í bankanum félög sem stefndu Jón Ásgeir og Pálmi og viðskiptafélagar þeirra stjórnðu. Var virkur eignarhlutur FL Group hf. í bankanum 30,4% og fór það félag ásamt Jötni Holding ehf. því með 39,75 eignarhlut í bankanum. Gerðu félögin með sér samkomulag um samstarf um meðferð eignarhluta sinna í bankanum og óskuðu samþykkis FME fyrir því. Þeirri beiðni hafnaði FME síðar.

4.

Á hluthafafundi í bankanum þann 30. apríl 2007 var kosin ný stjórn. Á stjórnarfundi þann sama dag, var lagður fyrir stjórnina starfslokasamningur við Bjarna Ármannsson þáverandi forstjóra bankans sem stefndi Jón Ásgeir hafði unnið að ásamt forstjóra FL Group hf., Jóni Sigurðssyni og Þorsteini M. Jónssyni stjórnarmanni í FL Group hf. en þeir tóku báðir sæti í stjórn bankans þann 30. apríl 2007 og Þorsteinn sem formaður stjórnar. Stjórn bankans undirritaði samninginn við Bjarna án sérstakrar umfjöllunar um efni hans. Þá lagði Þorsteinn M. Jónsson fram drög að ráðningarsamningi við stefnda Lárus Welding sem sömuleiðis voru unnin utan vettvangs stjórnar bankans, af stefnda Jóni Ásgeiri og áðurgreindum fulltrúum FL Group hf. í stjórn bankans. Samþykkti stjórn bankans að ráða stefnda Lárus sem forstjóra bankans og réð hann stefnda Magnús í framhaldi til bankans en Magnús hafði verið samstarfsmaður Lárúsar hjá Landsbankanum þar sem Lárus starfaði áður. Samkvæmt þessari framvindu mála mun Lárus hafa verið valinn til starfans af stefnda Jóni Ásgeiri.

5.

Þann 22. febrúar 2008 var félagið BG Capital ehf. (nú Styrkur invest ehf.) orðinn stærsti eigandi í FL Group hf. með 25,29% eignarhluta en það félag var 100% í eigu Baugs Group hf. skv. flöggunartilkynningu FL Group hf. til Kauphallar Íslands. Þá var Baugur Group hf. sjálft þriðji stærsti hluthafi FL Group með 9,54% eignarhluta. Samtals réði Baugur því yfir 34,83% af hlutafé FL Group hf. Aðrir hluthafar í FL Group hf. sem voru fjárhagslega tengdir BG Capital hf. voru Landic Property hf. (áður fasteignafélagið Stoðir hf.) með tæpt 1% hlutafjár. Samtals áttu félög í eigu stefnda Jóns Ásgeirs og tengdra aðila u.þ.b. 36% af útgefnu hlutafé FL Group hf. Þá komu til viðbótar framvirkir samningar um hlutabréfakaup skráðir á ýmsa banka þannig að rauneign félaga í eigu stefnda Jóns Ásgeirs og tengdra aðila nam 36,94%. Að teknu tilliti til framvirkra samninga í eigu 101 Capital ehf., sem var í eigu Ingibjargar Pálmadóttur eiginkonu stefnda Jóns Ásgeirs sem átti 1,21%, nam hlutafé undir beinum yfirráðum stefnda Jóns Ásgeirs 38,15% af útgefnu hlutafé FL Group hf.

Fons hf. í eigu stefnda Pálma var eigandi að tæpum 5% í FL Group hf. en að teknu tilliti til framvirkra samninga félagsins nam virkur eignarhlutur Fons hf. rúmlega 12% af hlutafé FL Group hf. Samtals réðu stefndu Jón Ásgeir og Pálmi því yfir 50% af útgefnu hlutafé FL Group hf. Að teknu tilliti til bréfa í eigu Landic Property sem nam 0,82% og eigin bréfa FL



Group hf. sem nam 0,80% af útgefnu hlutafé höfðu stefndu Jón Ásgeir og Pálmi í byrjun árs 2008 meirihluta yferráð yfir FL Group hf., stærsta eiganda bankans.

6.

Stefndi Jón Ásgeir var kosinn stjórnarformaður í FL Group hf. á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2008 og stefndi Pálmi kosinn varaformaður. Í ljósi yferráða þeirra tveggja yfir FL Group hf. og eignarhluta Jötuns holding ehf. í bankanum, fóru stefndu Jón Ásgeir og Pálmi með raunveruleg yferráð yfir a.m.k. 40% af útgefnu hlutafé bankans á þessum tíma. Var stefndi Jón Ásgeir gjarnan tilgreindur síðar sem „aðaleigandi“ bankans í opinberri umfjöllun um bankann, sbr. t.d. í fjölmiðlum þann 30. september 2008 er til stóð að þjóðnýta bankann.

Á aðalfundi bankans í febrúar 2008 voru eftirgreindir kosnir í stjórn hans:

Björn Ingi Sveinsson, kt. 261151-2359, framkvæmdastjóri Saxbygg hf., Hans Kristian Hustad stjórnarmaður í Baugi Group hf., Jón Sigurðsson, kt. 180378-4219, forstjóri FL Group hf., Kristinn Þór Geirsson, kt. 270766-4989, starfsmaður Glitnisbanka, Kristín Edwald, hrl. sem fulltrúi stefnda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Sigurður G. Guðjónsson hrl., sem fulltrúi Fons hf. (en Sigurður gerðist stjórnarformaður Fons hf. í nóvember 2008) og loks Þorsteinn Már Baldvinsson sem kosinn var formaður stjórnar. Var meirihluti stjórnarmanna bankans því í nánnum tengslum við stefndu Jón Ásgeir og Pálma.

## II

7.

Um vorið 2008 gegndu stefndu Lárus, Rósant og Magnús eftirgreindum trúnaðarstörfum hjá bankanum; Lárus Welding var forstjóri bankans (CEO) og sat einnig sem formaður áhættunefndar (Risk Committee) en sú nefnd fjallaði um umsóknir um lán sem námu allt að 20% af eigin fé (CAD) bankans, sbr. umfjöllun hér á eftir. Stefndi Rósant Már var fjármálastjóri bankans (CFO) og sat einnig í áhættunefndinni. Stefndi Magnús var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans á Íslandi og átti einnig sæti í áhættunefndinni. Stefnda Guðný var lánastjóri (credit manager). Aðrir í áhættunefndinni voru: Guðrún Gunnarsdóttir, Sverrir Örn Þorvaldsson, Magnús Bjarnason og Helgi Anton Eiríksson.

Sú starfsemi stefnanda sem snéri að útlánastarfsemi fól í sér áhættu fyrir bankann og samþykkti stjórn bankans ýmsar reglur um framkvæmd útlána með það í huga að lágmarka þá áhættu bankans sem fólst í lánveitingum, einkum stórum útlánum, en skv. svonefndum Basel II reglum (um eigið fé og áhættustýringu alþjóðlegra fjármálafyrirtækja) var áhætta banka greind í þrennt: Útlánaáhættu (e. Credit risk), markaðsáhættu (e. market risk) og rekstraráhættu (e. operational risk). Stjórn bankans gaf út grunnreglur varðandi áhættustýringu og setti síðan ýmsar nánari reglur þar að lútandi. Í reglunum var kveðið nánar á um það hvernig standa skyldi að einstökum ákvörðunum um útlán, allt eftir fjárhæðum og stöðu lántaka, hverjir hefðu heimild til að taka ákvarðanir um útlán, hvernig greiðslugeta lántakenda skyldi metin, hvernig meta skyldi tryggingar fyrir endurgreiðslu lána og hvernig haga skyldi eftirliti með lánnum og tapsáhættu. Voru reglurnar að meginstefnu til í samræmi við þær reglur sem viðskiptabankar sem störfuðu í Evrópu settu sér og tóku tillit til þeirra



laga sem giltu á Íslandi um bankastarfsemi, þ.á.m. ffl., sbr. 17. gr. og þeirra reglna sem giltu á evrópska efnahagssvæðinu (EES), þ.á.m. Capital Requirement Directive nr. 2006/48/EC.

8.

Flestar þær starfsreglur sem stjórnin setti voru á ensku enda var bankinn með starfsemi víða í Evrópu. Helstu reglur sem hér um ræðir voru þessar:

a. General Rules on Credit and Market Risk, (dskj. nr. 4 ) eða almennar lánareglur, gefnar út af stjórn bankans, um hvernig hlutaðeigandi starfsmenn bankans skyldu standa að lánaákvörðunum. Í reglunum voru fyrirmæli um hlutverk einstakra nefnda bankans í lánferlinu, svo sem um afgreiðsluferla lánabeiðna, háþörk útlána og útfærslu á reglum um framkvæmd á einstaka ákvörðunum um útlán og áreiðanleikamat tengt þeim. Í þessum reglum var m.a. kveðið á um einstaka áhættuflokka sem voru tfu talsins, á mælikvarðanum 1-10 og heimildir einstakra lánanefnda til að lána til aðila í mismunandi áhættuflokkum. Sú nefnd sem hafði hæstu lánaheimildir var áhættunefndin en aðrar lægra settar lánanefndir voru Corporate Credit Committee, Norwegian Credit Committee og Icelandic Credit Committee sem allar höfðu mismunandi lánaheimildir. Í 5. gr. reglnanna var kveðið á um að lánamörk viðskiptavina væru ákveðin eitt ár í senn og skyldu lán og fjárhagsstaða þeirra endurmetin árlega. Kom fram að lánamörk skyldu miðast við sameinuð lán skyldra lántakenda og mörkin metin í einu lagi fyrir þá. Sagði og að reglur um lánamörk og formlega afgreiðslu lána skyldu ávallt hafðar í heiðri. Þá sagði í reglunum að viðskiptavinur teldist vera í vanskilum (in default) m.a. ef greiðslur væru ekki greiddar á gjalddaga, ef veðkalli yrði ekki mætt eða viðskiptavinur teldist af öðrum ástæðum ekki líklegur til að geta staðið við skuldbindingar sína við bankann. Í þeim tilvikum skyldi óheimilt að veita lán nema í tengslum við skuldbreytingu og líklegt væri að greiðslugeta ykist við hana.

b. Credit Risk Policy (CPR) ( dskj. nr. 5) eða lánaáhættustefna voru reglur útgefnar af stjórn bankans fyrir áhættunefnd hans og tilgangur þeirra var að setja almennar leiðbeiningareglur og markmið í tengslum við mat á lánaáhættu. Óheimilt var að víkja frá þeim nema með samþykki stjórnar bankans. Í þessum reglum kom m.a. fram að bankinn skyldi forðast stórar lánaáhættur sem færu yfir 10% af lögmæltu eigin fé bankans (CAD), leggja skyldi áherslu á að meta greiðslugetu viðskiptavina og gæði trygginga fyrir endurgreiðslu útlána bankans. Þá voru vanskil skilgreind og kveðið á um að allar ákvarðanir skyldu skráðar í því skyni að unnt væri að endurskoða hvort einstakar lánveitingar samrýmdust reglum bankans. Í þessum reglum var gert ráð fyrir því að þær grunnreglur sem þar komu fram varðandi lánveitingaferla og áhættuflokkun yrðu nánar útfærðar í sérstökum handbókum (sjá Credit Manual og Rating Manual hér síðar).

c. Credit Manual (CM), ( dskj. nr. 6) eða lánahandbók hafði að geyma ítarlegri reglur en í lánaáhættustefnunni (CRP). Þar voru reglur um lánaferla og útlánaheimildir. Sérstök áhersla var þar lögð á það að allir starfsmenn bankans skyldu samþykkja að fylgja lögum og innri starfsreglum bankans og var handbókinni ætlað að vera starfsmönnum auðvelt aðgengi að reglunum. Þar var greint hlutverk einstakra lánanefnda, yfirlit yfir lánaferla og áhættugreiningu svo og hlutverk lánastjóra (credit manager). Í gr. 6.3.2. var nánar kveðið á



um hlutverk lánastjóra. Þar sagði m.a. að lánastjórar væru sérfræðingar í fjárhags- og áhættugreiningu og bæru ábyrgð á áhættugreiningu og heildaráhættu úthlutaðra viðskiptavina bankans. Var kveðið á um að lánastjóri skyldi tryggja eftir megni að viðskiptavinur væri hæfur til að uppfylla samningsskyldur við bankann. Sérstaklega voru eftirfarandi verkefni lánastjóra tilgreind:

- Meta lánshæfni og fjárhagsupplýsingar í tengslum við áhættumat í lánsúmsóknum
- Undirbúa og skrifa lánabeiðnir fyrir afgreiðslu í lánanefnd, þ.m.t. áhættuflokka lántaka, afla gagna, verðmeta tryggingar og leggja til lánahámörk.
- Hafa eftirlit með lánnum og endurmati lánsáhættu í samræmi við leiðbeiningareglur Áhættunefndar.

Þá var sérstaklega áréttað í lánahandbókinni, gr. 8.4. að bankinn skyldi ætíð leitast við að lágmarka útlánaáhættu með því að afla nægilegra trygginga fyrir endurgreiðslu lána og tryggingar skyldi meta samkvæmt því sem lægra væri af þessu tvennu; annars vegar, kaupverði veðsins eða hins vegar, markaðsvirði veðsins væri virkur markaður með slíkar eignir. Var kveðið á um að bankinn skyldi hafa þá meginreglu (e. general rule) að afla óháðs mats á veðtryggingum. Þá sagði að varúðar skyldi gæta við mat á ábyrgðarmönnum og fjárhagsstöðu þeirra og hafa til hliðsjónar upphæðir og efndatíma kröfu.

d. Credit Risk Control Manual (CRC), (dskj. nr. 7) eða lánsáhættustjórnunarhandbók fjallaði nánar um hvernig haga skyldi eftirliti með lánsáhættu, upplýsingagjöf um einstaka áhættuþætti, eftirliti með lánasöfnum svo og aðferðum til að lágmarka tapsáhættu.

e. Rating Manual (RM), (dskj. nr. 8) eða áhættuflokkunarreglur voru útgefnar af áhættunefnd bankans en þar voru skilgreind markmið og leiðbeiningar um það hvernig meta skyldi einstaka lántakendur í áhættuflokka en mismunandi matsreglur giltu eftir í hvaða geira viðskiptavinir voru. Í þessum reglum kom fram að áhættunefnd væri ábyrg fyrir framkvæmd þeirra og uppfærslu. Áhættuflokkarnir voru frá 1-9 og byggðist flokkunin á svokölluðum PD (probability of default) mælikvarða þar sem flokkur eitt var með minnsta áhættu. Til viðbótar var 10. flokkur, fyrir þá sem voru í vanskilum (e. default). Áhættuflokkar voru nánar skilgreindir og var flokkur 8 t.a.m. skilgreindur þannig að í hann féllu aðilar sem þessir; „*Entities with acceptable financial standing and unstable market position, short or unstable history, e.g. high gearing and low equity, increased probability of default.*“. Flokkur 10 var skilgreindur sem vanskilaflokkur og til hans töldust aðilar af þessu tagi; „*Default class, weak financial standing, negative equity position, insufficient cashflow, unacceptable market position, probability of default high and /or specific impairment*“. Í téðum reglum voru vanskil (e. default) sérstaklega skilgreind. Kom þar fram að 90 daga vanskil leiddu til flokkunar í 10 flokk. Aðili sem ekki var flokkaður skyldi settur í flokk 9. Samkvæmt reglunum skyldi lánastjóri yfirfara upplýsingar um viðskiptamenn sem settar væru í flokkunarferlið og tryggja að allar upplýsingar væru réttar. Þá var það á verksviði lánastjóra að tryggja að forsendur flokkunar væru réttar í kerfum bankans og kynna þær í viðkomandi lánanefnd.



f. Validation Manual (VM) (dskj. nr. 9), eða matshandbók en í henni voru settar fram reglur og aðferðir til þess að meta og endurmeta innri matslíkðn bankans í samræmi við Basel II leiðbeiningareglur, til þess að meta bankann sjálfan með hliðsjón af eignum og skuldum hans.

Að framangreindu virtu er sýnt að í bankanum voru í gildi ítarlegar verklagsreglur um áhættumat og framkvæmd lánabæiðna sem allar höfðu það markmið að tryggja gæði útlána bankans og forðast eftir fremsta megni útlánatöp m.a. með því að allar stærri lánaákvæðanir yrðu teknar af mörgum aðilum þannig að brot á þessum öryggisreglum yrðu örðugri.

Áhættunefnd hafði á hendi nánari reglusmið um verklagsferla í áhættugreiningu og eftirlit með lánasöfnum. Stjórn bankans samþykkti að áhættunefnd skyldi hafa æðsta umboð til lánveitinga næst á eftir stjórninni sjálfri og var heimildin m.a. skilgreind í almennum lánareglum bankans, (dskj. nr. 4). Þar kom fram hversu viðtækar heimildir áhættunefndin hefði til einstakra útlána og hversu hátt hlutfall nefndin mætti lána af eigin fé bankans (CAD) miðað við hvern áhættuflokk fyrir sig. Þannig var áhættunefnd heimilt að lána allt að 10% af eigin fé bankans til eins aðila í áhættuflokki 6, 5 % af eigin fé til aðila í áhættuflokki 8 og 1% af eigin fé til aðila í vanskilaflokknum nr. 10. Allar lánabæiðnir um umfram lánahámörk skyldu fara fyrir stjórn bankans. Samkvæmt 5. gr. lánahandbókar (dskj. nr. 6) hafði hver og einn áhættunefndarmaður neitunarvald um lánabæiðni og gat því hindrað lánveitingar sem hann taldi ósamrýmanlegar hagsmunum bankans. Almennar lánareglur bankans höfðu þó að geyma undantekningarheimild til að samþykkja lánabæiðni utan reglulegra funda nefndarinnar, ef nauðsyn bæri til, enda væri sú bæiðni samþykkt af a.m.k. tveimur nefndarmönnum og þar af skyldi annar vera formaður eða varaformaður nefndarinnar.

### III

9.

5. maí 2008 funduðu stefndu Jón Ásgeir og Lárus ásamt Gunnari Sigurðssyni forstjóra Baugs Group hf., um möguleg kaup bankans á „*hlut PH*“ (eða stefnda Pálma), í breska fyrirtækinu Aurum en félag hans, Fons hf. átti hlutabréf í téðu félagi. Stærstu hluthafar Aurum voru BG Holdings ehf. í eigu Baugs Group hf., með 37,3 % eignarhlut og Fons hf. með 22,8% eignarhlut.

Í tölvupósti þann 5. maí 2008, (dskj. nr.13) til stefnda Lárúsar og Jóns Ásgeirs eftir fundinn lagði Gunnar fram tillögu til stefnda Lárúsar þess efnis að bankinn keypti hlutabréf í Aurum af Pálma og skyldi kaupverð vera 6 milljarðar króna og andvirðið nýtt að hluta í „*tryggingargöt PH upp á 3.0 ma kr.*“ eins og það var orðað en hér var átt við ónógar tryggingar vegna framvirkra samninga Fons hf. og bankans um hlutabréf. Samkvæmt tölvupóstinum skyldi nýta kaupverðið að öðru leyti til að greiða upp „*aðrar skuldbindingar PH upp á kr. 0,8 ma kr.*“ auk þess sem „*PH [skyldi fá] 2.2 ma. kr. í cash*“ samkvæmt tillögunni. Eins og tölvupósturinn ber með sér gengu Gunnar og stefndi Jón Ásgeir erinda stefnda Pálma en þó hafði stefndi Jón Ásgeir hagsmuni af ráðstöfuninni þar sem bankinn átti veð í kröfu Fons hf. á hendur Baugi Group hf. til tryggingar tilteknu láni, að fjárhæð 2,5



milljarðar króna auk þess, eins og síðar kom í ljós, að til stóð að stefndi Jón Ásgeir fengi milljarð króna af láninu í sinn hlut.

Hlutabréf þessi í Aurum voru nánar tiltekið í félaginu „Aurum Holdings Limited“, skráðu í Englandi en það átti dótturfélög, m.a. félagið Goldsmith, Mappin & Webb og WOS og var iðulega vísað til Aurum sem Goldsmith af sefndu Jón Ásgeiri og Pálma sem og innan bankans. Samkvæmt ársreikningi Fons hf. fyrir 2007 mun félagið hafa greitt 2,5 milljarða króna fyrir bréf í Aurum í febrúar 2007 og svo aftur ríflega 330 milljónir í desember 2008. Samkvæmt hlutafélagaskrá í Bretlandi var eignarhlutur Fons hf. í Aurum innfærður í hluthafaskrá (Register of Members) félagsins frá 26. mars 2008 til 24. apríl 2008, nánar tiltekið sem hér segir: 26. mars 2008, skráð 87,684 bréf í flokknum A2 ordinary; þann sama dag, 195 bréf í flokknum „A1 Ordinary“ ; þann 24. apríl 2008, skráð 802,474 í sama flokki; þann 24. apríl 2008 , 11.959.902 í flokknum „C1 Ordinary“; þann 24. apríl 2008, 1,962,985 í flokknum „deferred“ (dskj. nr. 50). Í bókhaldi Fons hf. sem aðgengilegt var eftir gjaldþrot félagsins var verðmæti Fons hf. í Aurum fært í ríflega 1,4 milljarða króna miðað við 1. janúar 2008 (dskj. nr. 51). Þessi sömu hlutabréf urðu síðar, í júlí 2008, andlag kaupsamnings milli Fons hf. og dótturfélagsins FS38 ehf., þar sem kaupverð þeirra var 6 milljarðar króna og kaupin fjármögnuð af bankanum skv. ákvörðun stefndu Lárusar, Magnúsar Arnars og Rósants Más.

Í fyrrgreindum tölvupósti Gunnars forstjóra Baugs Group hf. var því lýst að Aurum hefði skilað 14,8 m punda EBITDA árið 2007 og að gert væri ráð fyrir „nær 18 m á þessu ári“ enda væri „LFL mjög sterkt það sem af er ári og fyrstu 2 mánuðir um 1,5 m yfir EBITDA áætlun“. Þá var fullyrt að félagið „Damas“ myndi fjárfesta 15 milljónir punda í félaginu sem nota ætti í frekari uppbyggingu og myndi Damas „beita öllum kröftum sínum í að styrkja alla starfsemi á skartgripahlið“. Með skírskotun til Damas mun hafa verið átt við samnefnt fyrirtæki sem skv. ódagsettri viljayfirlýsingu, (dskj. nr. 32), lýsti yfir áhuga gagnvart Aurum að skoða kaup á hlutafé í félaginu. Ekki er vitað um deili á þessu fyrirtæki en viljayfirlýsingin leiddi ekki til samninga um hlutabréfakaup í Aurum, hvorki við félagið eða hluthafa þess. Var því ekki nein stoð fyrir framangreindum yfirlýsingum forstjóra Baugs Group hf.

Þann 11. maí 2008 sendi stefndi Jón Ásgeir tölvupóst til stefnda Lárusar og var yfirskrift hans þessi: „Næstu skref“, (dskj. nr. 14). Af innihaldi póstsins má ráða að stefndi Jón Ásgeir hafi verið að gefa stefnda Lárusi fyrirmæli um að afgreiða tiltekin mál af hendi bankans í þágu stefnda Jóns Ásgeirs og félaga hans en innihaldið er í 4 tölulíðum, sbr. eftirfarandi;

1) Klára FOX, 2) Klára kaup á Byr bréfum af BG og 4) Klára 101 capital þarf helst að fá BJ til að koma til NY og klára þetta með mér er með góða hugmynd að lausn. Í 3) tölulíð sagði eftirfarandi:

„Klára Goldsmith ef þessu 1 milljarði sem ég átti að fá greitt þarf 250 að fara til að borga yfirdrátt hjá GLB þins mál að vera ekki með persónulegar skuldir í mér. Rest get ég raun geymt hjá GLB þ.e.a.s. 750 þannig net cash út hjá GLB er 1,2 til PH.“

Í lok tölvupóstsins segir; „þurfum að koma þessum málum frá úður en við förum að tala við erl hluthafa“.



Þann 22. maí 2008 sendi stefndi Jón Ásgeir enn fyrirmæli í tölvupósti á stefnda Lárus (og Bjarna Jóhannsson viðskiptastjóra hjá bankanum), (dskj. nr. 15) með fyrirsögninni; „Þetta eru málin sem ég er að böggja ykkur með aðallega í tekjuöflun fyrir bankann setti þetta skýrt upp the Bonus way svo við getum með einföldum hætti klárð“

Þá sagði ennfremur;

„Þetta eru málin nenni ekki að böggja ykkur á hverjum degi með þessu enda ætlast ég til að CEO þessara félaga vinni sín mál ef við komum þessum málum frá þá er borðið mitt hreint. Annars er kannski best að ég verði starfandi stjórnarformaður GLB“.

Stefndi Jón Ásgeir rakti málin svo eitt af öðru m.t.t. tímasetninga um hvenær skyldi vinna þau. Þau vörðuðu öll félög í fjárhagslegum tengslum við stefndu Jón Ásgeir og Pálma. Fyrsta tilgreinda málið var „Goldsmith v. Fons“. Fyrirmæli stefnda Jóns Ásgeirs því viðkomandi voru að það mál skyldi unnið „í vikunni“ og lánaður yrði 1,2 milljarður gegn 4 milljarða króna veði en ekki er getið um veðið. Tölvupósturinn endaði með þessum orðum; „stutt og skýrt“.

Framangreindan tölvupóst frá stefnda Jóni Ásgeiri framsendi stefndi Lárus til Bjarna Jóhannssonar viðskiptastjóra og stefnda Magnúsar Arnar með afrit til stefnda Rósants Más og Einars Arnar Ólafssonar framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar bankans (dskj. nr. 16), með eftirfarandi fyrirmælum: „Maggi Bjarni þið verðui (sic) að búa til lánamál úr efstu tveimur málnum (sic) þarna og tka (sic) þetta fyrir“

Daginn eftir, þann 23. maí 2008 sendi Einar Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar bankans, svohljóðandi svarpóst (dskj. nr. 17) á stefnda Lárus;

„mér finnst hinn góði eigandi okkar aðeins setja þig í erfða stöðu með þessum mail. Goldsmith er t.d. virði 1,5 en ekki 4,0 o.s.frv. En ég geri allt sem þú segir mér að gera. kv. Einar“.

Bersýnilegt er af framangreindum tölvupóstsamskiptum að stefndi Jón Ásgeir var álitinn „eigandi“ bankans af yfirmönnum hans og að hann gaf forstjóra bankans bein fyrirmæli um að ráðstafa fjárhagslegum hagsmunum bankans í sína þágu og félaga í fjárhagslegum tengslum við hann, bæði með lánveitingum og svo kaupum bankans á verðbréfum. Auk heldur er ótvírátt af samskiptunum og eftirfarandi háttsemi stefnda Lárusar að stefndi Lárus fór að þessum fyrirmælum stefnda Jóns Ásgeirs. Þá er og ljóst að stefndu Jóni Ásgeiri, Pálma og Lárusi var fullkunnugt um að hlutabréfin í Aurum væru nálægt 1,5 milljarði króna að verðmæti en 4 milljörðum króna en síðar kom á daginn að verðlagning hlutabréfanna í Aurum í viðskiptum Fons hf. og dótturfélagsins FS38 ehf. var sjónarspil stefndu og studdist ekki við neinar viðskiptalegar forsendur sem samrýmdust reglum bankans. Ríflega mánuði síðar var verðmæti þeirra hins vegar tilgreint sem 6 milljarðar króna.

Í framhaldi þessa fólu stefndu Lárus og Pálmi lánastjóranum stefndu Guðnýju að útbúa lánabeiðni fyrir hönd FS38 ehf og Fons hf. en þar sem fyrrgreinda félagið var í fullri eigu Fons hf. skyldi meta lánshæfni félaganna saman. Á þessum tíma var Fons hf. í verulegum vanskilum við bankann. Félagið skuldaði afborganir af lánasamningum að fjárhæð u.þ.b. 3,4



milljarða króna en af þeirri fjárhæð voru u.þ.b. 2,7 milljarðar króna vegna láns sem Fons hf. hafði endurlánað til Stím ehf. í gegnum dótturfélagið FS38 ehf. Stím ehf. var komið að fótum fram og eignir þess verðlitlar ef nokkrar enda hafði bankinn afskrifað kröfur sínar á Stím ehf. Að auki hafði bankinn ónógar tryggingar vegna framvirkra samninga bankans við Fons hf. um hlutabréf í FL Group hf. og stóð Fons hf. því frammi fyrir veðkalli. Upplýst er að þegar í apríl 2008 hafi verið vitneskja í bankanum um að fjárhagsstaða Fons hf. væri slæm.

Stefnda Guðný var í samskiptum við stefndu Jón Ásgeir og Pálma og sendi stefnda Guðný t.a.m. upplýsingar til stefnda Pálma um stöðu gjaldfallinna lána, (dskj. nr. 18). Í svarpósti stefnda Pálma til stefndu Guðnýjar þann 3. júní 2008 kom fram að hann og starfsmenn bankans hafi rætt um að bankinn myndi kaupa bréfin í Aurum af Fons hf. Boðaði Pálmi að Einar Þór Sverrisson hrl., stjórnarmaður í Fons hf. og lögmaður Pálma myndi hitta Guðnýju og fara yfir stöðu félagsins skv. drögum að ársreikningi Fons en hann átti að sýna eignir Fons hf. að fjárhæð 60 milljarða króna. Í póstinum gaf Pálmi fyrirmæli til stefndu Lárusar og Guðnýjar, sbr. eftirfarandi:

- „Ég itreka að ég legg mikla áherslu á að við gerum þetta með þeim hætti sem rætt var um
1. Þið greiðið 6000m fyrir Aurum bréfin að því gefnu að þið séuð komin með puttið sem ykkur var lofað í gær
  2. Við greiðum upp F 38 2,730m
  3. Við greiðum upp Plastprent lánið 522 og þið haldið samt bréfunum áfram til tryggingar á skuldum okkar,
  4. Lánið frá því í febrúar greiðum við vexti og lánið framlengist í eitt ár á sömu kjörum og vextir rúllast áfram.
  5. 500m fara inn á markaðsviðskipti okkar
  6. 1000 fara í að greiða skuld við JAJ
  7. Rest er frítt til ráðstöfunar fyrir Fons.“

Ofangreind fyrirmæli stefnda Pálma um að bankinn skyldi kaupa bréfin í Aurum fyrir 6 milljarða króna og hvernig skyldi ráðstafa fénu bera með sér að Fons hf. hafi verið í verulegri lausafjárþörf og þrátt fyrir ætlað milljarða króna eigið fé félagsins hafi ekki verið til reiðufé til að mæta skuldbindingum þess við bankann. Verðlagning Aurum bréfanna upp á 6 milljarða var glórulaus, en á tæpum mánuði hafði „verðmæti“ bréfanna hækkað úr 4 milljörðum í 6 milljarða króna. Þessi sömu bréf voru metin á 1,5 milljarða pr. 1. janúar 2008 í bókum Fons hf. (dskj. nr. 51). Ekki varð úr að bankinn keypti þá beint hlutabréf Fons hf. í Aurum. Af framvindu málsins verður þó ráðið að stefndu hafi samcinast á þessum tímavarki um að útfæra lánasamninga milli FS38 ehf. og bankans þannig að bankinn sæti uppi með bréfin í Aurum án þess að eiga frekari kröfur á Fons ehf. eða FS38 ehf., sbr. söluréttarsamningur (dskj. nr. 30) sem gerður var samhliða lánssamningnum.

Samkvæmt gögnum málsins lagði stefnda Guðný þann 11. júní 2008 fram lánabeiðni FS38 ehf./Fons hf. til lánanefndar þar sem beiðst var 2,2 milljarða króna láns f.h. félaganna, (dskj. nr. 19). Í lánabeiðninni kemur fram að lánið sé ætlað til að fjármagna kaup FS38 ehf. á hlutabréfum Fons hf. í Aurum og ætlunin væri að nýta lánið að hluta til að greiða vanskil



Fons hf. Í tillögu lánastjóra um afgreiðslu var lagt til að fjárhæðin yrði lánuð til 6 mánaða í kúluláni. Til tryggingar endurgreiðslunni var sagður *25,7% hlutur í Aurum að verðmæti 4 milljarðar*. Í beiðninni var því lýst að *„verðmætið á Goldsmith bygg[ði] á verðmæti í fyrirhuguðum viðskiptum við nýja fjárfestinn“*. Hvorki var í lánabeiðninni gerð grein fyrir þessum „nýja fjárfesti“ né efni samninga sem sá hafi gert við Aurum eða við hvaða verði hann skyldi fjárfesta í félaginu. Síðar kom á daginn að fjárfestir þessi átti að vera Damas LLC, sem ókunnugt er um deili á, og að enginn skuldbindandi samningur hefði verið gerður við þann aðila, hvorki um kaup á bréfum í Aurum af Fons hf./FS38 ehf. né af Aurum. Staðhæfing lánastjórans um að Aurum bréfin væru 4 milljarða virði studdist því ekki við nein skjallæg gögn. Þá lá ekki fyrir sjálfstætt verðmat á Aurum í samræmi við lánareglur bankans eins og áður hefur verið rakið.

Í lánabeiðninni var einnig óskað eftir hækkun á viðskiptamörkum Fons hf. til að mæta skuldbreytingarbeiðni, þ.e. að gjaldfallnar afborganir og vextir yrðu lagðar við höfuðstól. Heildarskuldir Fons hf. við bankann námu alls 29 milljörðum og var þar með talin ábyrgð félagsins á dótturfélaginu M21 ehf. sem var eignalaust einkahlutafélag, líkt og FS38 ehf. og hafði fengið fyrirgreiðslu hjá bankanum til þess að leysa Baug Group hf. undan sölutryggingarkvöð skv. samningi við Sund hf., í tengslum við Northern Travel Holdings sem var í eigu stefndu Pálma og Jóns Ásgeirs og tengdra aðila. Þá var tap af markaðsviðskiptum Fons hf. (framvirkum samningum) tæpir 7 milljarðar króna og hafði bankinn tryggingar á móti í reiðufé sem nam 3,8 milljörðum króna. Var skuld Fons hf. við bankann vegna þeirra viðskipta því u.þ.b. 3 milljarðar krónar. Eigið fé (CAD) bankans nam á þessum tíma 283 milljörðum króna og heildarskuldir Fons hf. námu 10,25% af eigin fé bankans og töldust skuldbindingar Fons hf. við bankann til stórra áhættuskuldbindinga bankans skv. 30. gr. ffl., sbr. og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007. Bar því að meðhöndla lánabeiðni FS38 ehf. og Fons hf. af sérstakri varúð með tilliti til þess að um stóra áhættuskuldbindingu var að ræða fyrir bankann. Í lánabeiðninni, (dskj. nr. 19), voru tilgreindar fjárhagsupplýsingar um FS38 ehf. og Fons hf. Eignir FS38 ehf. voru sagðar krafa á Stím ehf. að fjárhæð kr. 2.7 milljarðar króna og skuldir þess við Fons hf. námu sömu fjárhæð. Bankinn hafði í árslok 2007 afskrifað kröfur sínar á Stím ehf. Ljóst var því að FS38 ehf. var á engan hátt hæft til að fá 6 mánaða lán sem nam sex milljörðum króna, félagið var metið í áhættuflokk 8 og var nálægt því að falla í flokk 9 skv. flokkun lánastjóra.

Í lánabeiðni stefnda Guðný vann var vísað til draga að ársreikningi Fons hf. og tilgreint að hann væri ekki *„fullkláraður ennþá“*. Var því stuðst við uppgjör félagsins frá 30. september 2007, tæpu ári áður. Endurskoðaðar samtíma fjárhagslegar upplýsingar um Fons hf. lágu því ekki fyrir lánastjóra eða lánanefnd. Þó verður af gögnum bankans ráðið að þegar í apríl 2008 hafi stefnda Guðnýju og Bjarna verið ljóst að fjárhagsstaða Fons hf. væri verulega tvísýn, svo ekki sé kveðið fastar að orði. Allt að einu var tekið fram í lánabeiðni að Fons hf. væri vel stætt félag.

Þann 11. júní 2008, samþykkti undirlánanefnd (dskj. nr. 20) að lána FS38 ehf. 2,2 milljarða króna með kúluláni til 6 mánaða og af fjárhæðinni skyldi 200 milljónum króna varið til niðurgreiðslu á gjaldföllum vöxtum Fons hf. en *„nettó funding er allt að 2 milljarðar, en hluti getur orðið að innlánnum í einhvern tíma“* eins og sagði í afgreiðslu nefndarinnar en hér



var átt við að 2 milljarðar færu í reiðufé til stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma í gegnum Fons hf., eins og áform þeirra genu út á skv. tölvupóstum sem gengið höfðu á milli stefndu.

Þrátt fyrir framangreinda samþykkt lánanefndarinnar, þá lögðu stefndu Jón Ásgeir, Pálmi og Lárus upp nýja áætlun um stærri fyrirgreiðslu bankans til Fons hf. Þann 16. júní 2008sendi stefndi Jón Ásgeir tölvupóst ( dskj. nr. 21)til Bjarna Jóhannssonar viðskiptastjóra og afrit til stefndu Lárúsar og Pálma og var yfirskriftin; „*C.A. svona er staðann hafa þetta einfalt*“. Þar komu fram ný fyrirmæli frá stefnda Jóni Ásgeiri um lánveitingar bankans til Fons hf. en þar sagði m.a:

*„Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að Fons haldi sínum hlut í Goldsmith*

<i>Lausn</i>	<i>FS38 Goldsmith kaupir bréf af FONS</i>	<i>6</i>
	<i>Glitnir færir lán vegna F38</i>	<i>-2,7</i>
	<i>F38 greiðir til Fons</i>	<i>3,3</i>
	<i>Markaðsviðskipti tap miðað við sölu á öllum bréfum á morgun</i>	<i>7</i>
	<i>Peningalega tryggingar</i>	<i>-3,8</i>
	<i>Frádráttur vegna GLB þ.e.a.s. þau ekki seld</i>	<i>-1,5</i>
	<i>Tap</i>	<i>1,7</i>
	<i>Greitt inn á Fons frá F38</i>	<i>-1</i>
	<i>Skuldabréf FONS</i>	<i>0,7“</i>

Að þessu loknu útlistaði stefndi Jón Ásgeir í tölvupóstinum hvernig leiða ætti út jákvæða niðurstöðu af rekstri „*Goldsmith*“ miðað við tilbúnaar tölur um framtíðartekjur Aurum. Sú útleiðsla var tilhæfulaus.

Í svarpósti stefnda Pálma þann sama dag (dskj. nr. 22) kemur fram það sjónarmið hans að „*nokkuð ósanngjarni*“ sé að Fons taki eitt á sig „*F38 ævintýrið*“ eins og það er orðað. Ekki var frekar útskýrt hvað við væri átt. Gerði stefndi Pálmi breytingu á tillögu stefnda Jóns Ásgeirs sem laut að uppgreiðslu eins skuldabréfs gegn veði í bréfum í Plastprenti sem hann taldi vera „*betri leið fyrir bankann*“. Verðmæti þeirra hlutabréfa var þó óvíst en talið nema nokkrum milljónum króna.

Þann 9. júlí 2008 lagði stefnda Guðný fram nýja lánabeiðni (dskj. nr. 23) fyrir hönd Fons hf./FS38 ehf. í áhættunefndinni og fól hún í sér beiðni um að bankinn lánaði nú FS38 ehf. 6 milljarða króna til kaupa á hlut Fons hf. í Aurum og var kveðið á um að hluta af kaupverðinu skyldi varið til að greiða niður skuldir Fons hf. við bankann og bæta veðstöðu vegna tryggingarvöntunar í markaðsviðskiptum Fons hf. Í lánabeiðninni var ekki að finna ráðagerð um lánstímann eða önnur kjör. Kom fram að eiginleg útgreiðsla á fé úr bankanum yrði 2 milljarðar króna. Hér var bersýnilega um eftirfarandi fyrirætlun að ræða; 1) að færa hluta af gjaldföllum skuldum Fons hf. yfir á ógjaldfæra dótturfyrirtækið FS38 ehf. og 2) forða því að bankinn framkvæmdi veðkall og gengi að Fons hf. og 3) að láta af hendi 2 milljarða króna í reiðufé sem stefndu Jón Ásgeir og Pálmi hugðust skipta jafnt á milli sín, sbr. það sem segir síðar.



Þessi síðari lánabeiðni var nokkru rýrari að efni en hin fyrri frá 11 júní 2008. Í henni var engin grein gerð fyrir því hvernig á því stóð að verðmæti Aurum bréfanna hefði vaxið úr 4 milljörðum króna í 6 milljarða króna á réttum mánuði. Engin greining var gerð á verðmæti Aurum bréfanna fremur en fyrr. Bersýnilegt var að kaupverðið milli Fons hf. og dótturfélagsins FS38 ehf. var sýndarverð, ákveðið með hliðsjón af þeirri fyrirætlan að ná út 2 milljörðum króna í reiðufé umfram vanskil Fons hf. Í lánabeiðninni var vísað til þess að tryggingarstaða Fons hf./FS38 ehf. yrði betri þegar Damas hefði keypt 18% í Aurum og jafnframt var að finna þar bollaleggingar um eignarhald bankans á hluta í FS38 ehf. sem færa myndi bankanum rétt til að selja hlutinn til þriðja aðila á tilteknu verði en sá myndi setja nýtt fé inn í „fyrirtækið“ og styrkja það verulega og auka verðgildi eigna bankans í Aurum. Ekki verður séð á hvaða gögnum þessar staðhæfingar lánastjórans voru byggðar en engin grein var gerð fyrir þessum aðila sem nefndur er „Damas“ en upplýst er að engir bindandi samningar um 1) kaup Damas á bréfum í Aurum eða 2) sölurétt FS38 ehf. á hlutum í Aurum til Damas eða annars 3ja aðila voru nokkru sinni gerðir. Verður ekki annað ályktað en lánastjórinn hafi bæði vísitandi fært rangar upplýsingar í lánabeiðnina og jafnframt látið hjá líða að framkvæma mat til að ljá henni trúverðugra yfirbragð, í þeim tilgangi að skapa grundvöll fyrir stefndu Lárus, Rósant Má og Magnús Arnar til að samþykkja lánveitinguna til FS38 ehf. Þá var í lánabeiðninni gerð grein fyrir því hvernig láninu yrði ráðstafað. 4 milljörðum króna skyldi varið í þágu greiðslu á skuldum Fons hf. við bankann, 1 milljarður króna í reiðufé skyldi greiddur til Fons og sömuleiðis 1 milljarður króna skyldi greiddur til „*lánadrottins Fons*“. Sá reyndist síðar vera stefndi Jón Ásgeir eins og upphaflega hafði verið ákveðið. Var ráðstöfun þessi í samræmi við fyrirmæli stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma.

Þennan sama dag, 9. júlí 2008, kl. 8:30 árdegis var haldinn fundur í áhættunefnd bankans. Í fundargerð, (dskj. nr. 24), er getið um að honum hafi verið slitið kl. 10:50. Í fundargerð er bókað að tvö mál hafi verið samþykkt utan fundarins og var annað þeirra lánabeiðni FS38 ehf./Fons hf. en ekki var gefin skýring á ástæðum þess að lánabeiðnin var ekki tekin til afgreiðslu á fundi nefndarinnar. Er aðeins bókað að stefndu Lárus, Magnús og Rósant Már hafi samþykkt lánveitinguna utan fundarins. Athygli vekur að í samþykkt lánabeiðninnar er ekki getið um lánstíma eða önnur kjör. Ekki kom því til þess að aðrir nefndarmenn fengu að taka þátt í afgreiðslu lánabeiðninnar og beita neitunarvaldi sínu, ef því var að skipta.

Daginn eftir að stefndu Lárus, Magnús og Rósant höfðu samþykkt lánið sendi Einar Örn Ólafsson framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar bankans svohljóðandi tölvupóst, (dskj. nr. 25), til stefnda Lárusar þar sem sagði:

*„Verð að viðurkenna að ég skil ekki af hverju við lanum ekki bara palma 2 ma.kr. til að koma fyrir á cayman, aður en hann fer a hausinn, I stað thess að fara I alla thess goldsmith aefingu“*

Ljóst er af þessum ummælum að Einari Erni, sem hafði áður lýst yfir að bréfin í Aurum væru u.þ.b. 1,5 milljarða króna virði, þótti stefndi Lárus ganga helst til langt í þjónkun við stefndu Pálma og Jón Ásgeir. Verður af ummælum Einars Arnar ráðið m.a. að vitneskja hafi búið með stjórnendum bankans um að fjárhagsstaða stefnda Pálma og Fons hf. væri bágborin og hugsanlega nálægt gjaldþroti og að kaupsamningurinn um bréfin í Aurum milli Fons hf. og



dótturfélagsins væri settur á svið til þess að koma reiðufé út úr bankanum til stefndu Pálma og Jóns Ásgeirs.

Í lánabeiðninni var, eins og áður greinir, vísað til draga að ársreikningi Fons hf. árið 2007 og hlutauppgjors frá september 2007. Þann 30. ágúst 2008 ritaði stjórn Fons hf. undir ársreikning 2007. Var hann, (dskj. nr. 52), áritaður með svofelldum hætti af kjörnum endurskoðendum félagsins:

*Við erum ekki kjörnir endurskoðendur dótturfélaga félagsins og höfum því ekki endurskoðað ársreikning þeirra og getum því ekki látið í ljós álit á ársreikningum þeirra, en áhrif dótturfélaganna hafa veruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins.*

*Að undanskildum þeim fyrirvara sem fram kemur í málsgreininni hér að framan er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.*

Sambærileg áritun var í árshlutareikningnum frá september 2007 sem vitnað var til í lánsbeiðni (dskj. nr. 19). Af áritun endurskoðanda félagsins má sjá að engin endurskoðun var í raun framkvæmd á félaginu m.t.t. eigna og tekna sem stöfuðu frá dóttur- og hlutdeildarfélögum sem mynduðu efnahags- og rekstrareikninginn að mestu leyti. Þau reikningsgögn Fons hf. sem bankinn hafði undir höndum við lánveitinguna voru því aðeins órökstuddar staðhæfingar stjórnenda Fons hf. um hag félagsins sem bankinn gat ekki og mátti ekki byggja á. Auk heldur miðuðust þau drög við uppgjör pr. 31. desember 2007, u.þ.b. 6 mánuðum áður og í ljósi þess að stærsti hluti eigna félagsins voru markaðsverðbréf mátti starfsmönnum bankans vera ljóst vegna markaðsaðstæðna að hagur Fons hf. var annar og mun lakari en ársuppgjör 2007 bar með sér og félagið stefndi hreinlega í þrot eins og kom á daginn. Framangreindur tölvupóstur Einars Arnar frá 10. júlí 2008 (dskj. nr. 25) staðfestir að sú vitneskja hafi verið til staðar hjá forstjóra bankans og öðrum í framkvæmdastjórn hans þegar vélað var um lánveitinguna til Fons hf.

Nokkru áður en lánveitingin átti sér stað hafði undirlánanefnd, svonefnd „Corporate Credit Committee“ fjallað um lán sem bankinn hafði veitt Aurum/Goldsmith í tengslum við viðskipti Baugs Group hf. með Aurum árin 2005-2006. Nokkur þekking var því á fjárhagsstöðu Aurum og dótturfélögum þess innan bankans. Á fundi nefndarinnar þann 3. júní 2008, (dskj. nr. 53), var til umfjöllunar beiðni Goldsmith um skuldbreytingar á lánum vegna vangetu félagsins til að standa við skuldbindingar við bankann. Kemur fram í fundargerð nefndarinnar að á fjárhagsárinu 2007-2008, sem lauk í janúar 2008, hafi tekjur verið lægri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir og EBITDA félagsins verið 14,7 milljónir punda í stað 18 milljóna. Skuldbreytingarbeiðni Goldsmith fól í sér frestun á afborgunum og vöxtum af lánasamningum í 12-18 mánuði. Var beiðnin samþykkt. Ekki verður séð að vitneskja bankans um stöðu Aurum hafi ratað inn á borð áhættunefndarinnar við umfjöllun hennar um lán til Fons hf./FS38 ehf. gegn veðum í bréfum í Aurum. Þó tók t.d. stefndi Magnús þátt í afgreiðslu beggja málanna. Í minnisblaði bankans um Goldsmith, dags. í apríl 2008, (dskj.



nr. 54), í tilefni af greiðslufalli félagsins, kemur fram að Goldsmith hafi verið sett í áhættuflokk 7 og á athugunarlista (e. watchlist) í bankanum.

Þann 16. júlí 2008 var gerður lánasamningur milli bankans og FS38 ehf. að fjárhæð 6 milljarðar króna með gjalddaga þann 16. júlí 2009 (dskj. nr. 27). Að veði voru bréfin í Aurum auk þess sem Fons hf. tók á sig ábyrgð á hluta lánsins, 1,75 milljörðum króna sem skyldi vera tímabundin þar til FS38 ehf. hefði selt bréfin til hins „nýja fjárfestis“ í Aurum. Í lánasamningnum kemur fram að 4 milljörðum af láninu skyldi varið til greiðslu á vanskilum Fons hf. og til að verjast veðkalli en 2 milljarðar skyldu greiðast inn á hlaupareikning Fons hf. hjá bankanum. Þeir fjármunir voru stefnda Pálma til frjálstrar ráðstöfunar og greiddi hann 1 milljarð króna inn á hlaupareikning stefnda Jóns Ásgeir hjá bankanum en sá reikningur var þá yfirdreginn um u.þ.b. 250 milljónir króna. Með þessari ráðstöfun greiddi bankinn sjálfur yfirdráttinn og afhenti stefnda Jóni Ásgeiri að auki kr. 750 milljónir króna til frjálstrar ráðstöfunar.

Samhliða lánasamningnum gerði bankinn og Fons hf. með sér samning um sölurétt Fons hf. á FS38 ehf. til bankans á eina krónu (dskj. nr. 30). Þann 30. desember 2008 tilkynnti Fons hf. um að félagið hygðist nýta sér sölurétt sinn og komst FS38 ehf. þar með í eigu bankans sem stóð uppi með 6 milljarða króna lánið og hlutabréfin í Aurum í sinni samstæðu (dskj. nr. 55). Lauk þar fléttunni sem sett var af stað í maí 2008 af stefndu Jóni Ásgeiri, Pálma og Lárusi.

Á gjalddaga lánsins í júlí 2009 voru engar eignir í FS38 ehf. til að mæta greiðslu þess, eins og vænta mátti. Fons hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 9 mánuðum eftir að lánveitingin átti sér stað, þann 30. apríl 2009. Verðgildi bréfanna í Aurum var þá ekkert en það félag (og dótturfélögin) var í verulegum fjárhagsvandráðum. Skv. tillögu frá PricewaterhouseCoopers (dskj. nr. 56) sem sett var fram til að forða Aurum frá gjaldþroti breytti Landsbankinn sem var helsti lánadrottinn félagsins, hluta af lánnum sínum í hlutafé gegn því að allir hluthafar félagsins seldu hlutabréf sín á málamyndaverði sem var 1 pund. Á það féllust hluthafar og afskrifuðu sitt hlutafé í Aurum. Liggur því fyrir að krafa bankans á hendur FS38 ehf. skv. téðum lánasamningi er töpuð.

#### IV

##### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Almenn atriði er varða aðalkröfu á hendur stefndu Lárusi, Magnúsi Arnari, Rósant Má og Guðnýju:

Skaðabótakröfu sína á hendur framangreindum stefndu byggir stefnandi á því að þau hafi í störfum sínum sem yfirmenn og sérfræðingar í bankanum brotið gróflega gegn starfskyldum sínum sem forstjóri, fjármálastjóri, lánastjóri og sem nefndarmenn í áhættunefnd bankans með því að hafa sammælt um að knýja fram lán til handa Fons hf. og stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma persónulega, í gegnum FS38 ehf., að frumkvæði stefnda Lárusar og stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma, að fjárhæð 6 milljarðar króna, án þess að lánareglum bankans væri fylgt, með fullri vitneskju um að lántakinn væri ógjaldfær og tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsins væru ónógar og því veruleg fjártjónsáhætta til staðar fyrir bankann. Hafi stefndu brugðist



hinu mikilvæga eftirlitshlutverki sínu með því að útlánaáhætta bankans væri takmörkuð með fremsta megni. Geri það brot stefndu alvarlegri en ella að um samantekin ráð hafi verið að ræða með þeim sem beindust að stefnanda sem almenninghlutafélagi skráðu á skipulegum verðbréfamarkaði. Til vara er byggt á því að þau hafi brotið gegn starfsskyldum sínum af gáleysi. Hafi stefndu því gerst sek um saknæma og ólögmæta háttsemi og eftir atvikum refsinnæma háttsemi og valdið bankanum bótaskyldu fjártjóni þar sem lánið til FS38 ehf. hafi tapast að öllu leyti.

Í því skyni að forðast endurtekningu er umfjöllun um hvern og einn stefndu hagað með tilliti til atvika sem varða viðkomandi sérstaklega en allar málsástæður og lagarök sem tilgreind eru um einstaka stefndu eiga við um alla stefndu, eftir því sem við á.

#### Kröfur á hendur stefnda Lárusi:

Skaðabótakröfu sína á hendur stefnda Lárusi byggir stefnandi á því að hann hafi í störfum sínum fyrir bankann brotið gróflega gegn starfsskyldum sínum gagnvart bankanum skv. hfl. og ffl. sem og einstökum reglum FME, sbr. reglum nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, sbr. og starfs- og verklagsreglum stefnanda um lánveitingar, með því að fara eftir ólögmætum fyrirmælum stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma sem lýst er hér að framan í atvikalýsingu í því skyni að hygla þeim á kostnað bankans og annarra hluthafa og af þeim sökum valdið stefnanda stórfelldu fjártjóni með saknæmum og ólögmætum hætti. Fólst hin bótaskylda háttsemi í lánveitingu til hins ógjaldfæra FS38 ehf., dótturfélags Fons hf., samkvæmt lánasamningi, dags. 16. júlí 2008, að fjárhæð 6 milljarðar króna án þess að skilyrði væru til þess eða gætt væri að fullnægjandi endurgreiðslutryggingum, svo og með því að gera söluréttarsamning, án samþykkis áhættunefndar bankans, við Fons hf. sem veitti Fons hf. rétt til að selja hlutina í FS38 ehf. eða einstakar eignir þess til bankans fyrir málamyndaverð og losna þannig undan skyldum lánsamningsins. Verður að telja að háttsemi stefnda Lárusar varði einnig við 249. gr. alm.hgl. nr. 19/1940 þar sem hann hafi með framangreindri háttsemi sinni misnotað starfsstöðu sína sem forstjóri bankans og formaður áhættunefndar bankans og sett bankann í stórfellda og fyrirsjáanlega fjártjónsáhættu, enda liggur fyrir að fjármunir þeir sem lánaðir voru úr sjóðum bankans glötuðust með öllu.

Stefndi Lárus starfaði sem framkvæmdastjóri bankans í skilningi 68. gr. hfl., sbr. tilkynningu til fyrirtækjaskrár RSK (dskj. nr. 57). Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hfl., og 15. gr. samþykktu bankans skyldi stefndi Lárus annast daglegan rekstur hans og bar í þeim efnum að fara eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar hans. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hfl., hvíldi á stefnda Lárusi sérstök trúnaðarskylda við bankann sem m.a. fólst í 1) að varðveita eigið fé bankans eftir megni og 2) gera aðeins ráðstafanir í viðurkenndum tilgangi (e. proper purpose), af ráðdeild (e. duty of care) og af trúnaði við hagsmuni bankans (e. duty of loyalty). Samkvæmt 76. gr. hfl. var stefnda Lárusi óheimilt að gera ráðstafanir sem öfluðu ákveðnum hluthöfum og ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað bankans og annarra hluthafa. Þá hvíldi sérstök skylda á stefnda Lárusi skv. 17. gr. ffl. að tryggja eftirlit með áhættu í útlánnum bankans, sbr. og reglur FME nr. 216/2007. Þá skyldi stefndi Lárus haga starfsemi bankans í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. ffl. og gegna stöðu sinni á



tilhlýðilegan hátt, sbr. 54 gr. ffl. Að auki voru í gildi siðareglur bankans sem stefndi hafði undirgengist.

Verður nú gerð nánari grein fyrir hinni saknæmu og ólögmetu háttsemi stefnda Lárusar.

Stefndi Lárus gegndi starfi forstjóra bankans og sat sem formaður áhættunefndar bankans sem skyldi ákvarða stærstu útlán bankans, þ.e. útlán sem námu allt að 20% af eigin fé bankans háð áhættuflokkun lántaka. Á stefnda Lárusi hvíldi því sérstök skylda til að tryggja að undirmenn hans færu að lögum og verklagsreglum um veitingu útlána og í samræmi við stefnu og fyrirmæli frá félagsstjórn bankans sem heildar á grundvelli löglegra samþykka stjórnarinnar skv. starfsreglum hennar. Var stefnda Lárusi óheimilt að taka við fyrirmælum frá einstökum stjórnarmönnum um útlán eða önnur viðskipti, sbr. og 55. gr. ffl. og 2. mgr. 1. gr. starfsreglna stjórnar stefnanda, (dskj. nr. 58), sem settar voru skv. 2. mgr. 54. gr. s.l. Enn síður var stefnda Lárusi heimilt að taka við fyrirmælum utanaðkomandi aðila sem ekki höfðu löglegt boðunarvald yfir honum, svo sem frá stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma.

Framangreindar skyldur sínar virti stefndi Lárus að vettugi og tók ákvörðun um það í samvinnu við stefndu Jón Ásgeir og Pálma að setja á svið sýndarviðskipti milli Fons hf. og ógjaldfærs dótturfélags Fons hf., FS38 ehf., um kaup FS38 ehf. á hlutafé í Aurum á yfirverði, til að ná 6 milljörðum króna út úr bankanum undir yfirskyni láns með vitneskju um að lántakinn væri ógjaldfær og tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsins væru með öllu ófullnægjandi og því veruleg og fyrirsjáanleg fjártjónsáhætta til staðar fyrir bankann af ráðstöfuninni.

Þann 9 júlí 2008 lagði stefnda Guðný, sem gegndi stöðu lánastjóra í bankanum, fram lánabeiðni f.h. FS38 ehf. dótturfélag Fons hf., fyrir áhættunefnd bankans og var það gert að skipan stefnda Lárusar, Jóns Ásgeirs og Pálma. Lánabeiðnin var ófullnægjandi og því í andstöðu við verklagsreglur bankans, hún innihélt ófullnægjandi, rangar og villandi staðhæfingar um lántakann og fjárhagsstöðu hans, sem og um verðmæti trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins þannig að áhættunefndarmönnum og öðrum sem komu að því máli mátti vera ljóst að lánabeiðnin væri ótæk til afgreiðslu. Á lánanefndarfundi þennan sama dag var lánabeiðnin ekki tekin til formlegrar afgreiðslu en í þess stað ákvað stefndi Lárus, ásamt stefndu Magnúsi Arnari og Rósant Má, að samþykkja lánabeiðnina utan fundarins án þess að aðrir nefndarmenn en þeir fengju að komið. Nýtti stefndi Lárus sér því, í samvinnu við stefndu Magnús og Rósant Má, þá undanþáguheimild í reglum áhættunefndar sem heimilaði formanni nefndarinnar eða varaformanni ásamt einum nefndarmanni að samþykkja lánabeiðni utan funda ef knýjandi þörf krefði, sbr. gr. 5.3. og 5.4. í lánahandbók (e. Credit Manual). Ekkert liggur fyrir um að afgreiðsla þessa máls hafi utan fundar áhættunefndar hafi verið nauðsynleg eða réttlætunleg enda var haldinn fundur í nefndinni áður en lánið var greitt út.

Í lánabeiðninni, (dskj. nr. 23), kom fram að óskað var láns að fjárhæð 6 milljarðar króna til FS38 ehf., hvers eina eign var fjárfrafa að fjárhæð 2,7 milljarðar á hendur Stím ehf. Á þessum tíma var ljóst að verðmæti hlutabréfa í eigu Stím ehf. væri lítið sem ekkert og fyrirsjáanlegt að Stím ehf. gæti ekki endurgreitt lánið til FS38 ehf., sbr. tölvupóst Guðrúnar



Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra útlánasviðs stefnanda frá 6. janúar 2008, (dskj. nr. 10). Þar kemur fram að eigið fé Stím ehf. sem hafði verið 650 milljónir króna, var afskrifað að fullu um áramótin 2007/2008. Félagið FS38 ehf., þó ógjaldfært væri, var metið af stefndu Guðnýju í áhættuflokk 8 sem var næst lakasti lánshæfur matsflokkur skv. reglunum en flokkur 10 var svokallaður „default“ flokkur. Í þann flokk fóru þeir sem voru í vanskilum, sbr. umfjöllun um þessa flokka hér að framan. Samkvæmt lánabeiðni var FS38 ehf. nálægt því að lenda í áhættuflokk 9 skv. flokkunarmati. En skilgreining á áhættuflokki 9 var „*entities with weak financial standing, unstable or new market position, little or weak history. High probability of default. No rating and/or default status*“, en það var næst lakasti áhættuflokkurinn skv. Basel II. Asset Class flokkunarkerfinu, sbr. 5.3. gr. í áhættuflokkunarreglur (e. Rating Manual) (dskj. nr. 8). FS38 ehf. átti hins vegar í raun heima í vanskilaflokki 10, enda fyrirsjáanlegt að það myndi ekki geta greitt skuld sína við Fons hf. vegna endurlána til Stím ehf. Það kom enda á daginn.

Þá var eða mátti stefnda Lárusi vera ljóst að verðmæti hlutabréfa Fons hf. í Aurum væru fjarri því að vera að virði 6 milljarða króna eins og kaupsamningur milli Fons hf. og dótturfélagsins kvað á um. Honum var eða mátti vera ljóst um að virði bréfanna væri ekki meira en 1,5 milljarður króna, sbr. m.a. tölvupóstur Einars Arnar frá 23. maí 2008 til stefnda Lárusar (dskj. nr. 17). Þá var eða mátti stefnda Lárusi vera ljóst að lánasamningar Goldsmiths, dótturfélags Aurum, við bankann höfðu verið vanefndir vegna rekstrarerfiðleika og fyrirsjáanlegt að félagið gæti ekki starfað nema að fengnum gjaldfresti í 12-18 mánuði, sbr. afgreiðsla á beiðni félagsins um skilmálabreytingu á lánum á fundi í lánanefndar (Corporate Credit Committee) nr. 237 þann 3. júní 2008 (dskj. nr. 53). Sömulciðis var eða mátti stefnda Lárusi vera ljóst um að Fons hf. stæði frammi fyrir verulegri eignarýrnun vegna þróunar á verðbréfamörkuðum og að veruleg hættu væri á því Fons hf. væri ófært um að standa í skilum við bankann. Þrátt fyrir framangreinda vitneskju tók stefndi Lárus þá ákvörðun um að veita hinu ógjaldfæra FS38 ehf. 6 milljarða króna kúlulán til 12 mánaða gegn tryggingu í bréfum í Aurum og sjálfskuldaábyrgð Fons hf. að fjárhæð 1,75 milljarðar króna.

Með því að Fons hf. var í stórfelldum vanskilum við bankann og stóð frammi fyrir veðkalli bar samkvæmt útlánareglum bankans að fella Fons hf. í flokk 10 ásamt FS38 ehf. þar sem eignatengsl voru milli þeirra. Flokkun í áhættuflokk 10 girti fyrir aðra fyrirgreiðslu en til skuldbreytinga á eldri lánum en ekkert nýtt fé mátti lána út til aðila í vanskilaflokki. Því uppfyllti Fons hf. ekki kröfur um að fá nýtt lánsfé frá bankanum og gildi það einnig um dótturfélagið FS38 ehf.

Við gerð lánabeiðninnar lá ekki fyrir samtímauppgjör fyrir Fons hf. heldur var í henni vísað í tæplega árgamlan árshlutareikning félagsins, frá september 2007 sem hafði ekki verið endurskoðaður og innihélt fyrirvara endurskoðanda félagsins um að endurskoðun yrði ekki við komið þar sem tekjur félagsins væru að langmestu leyti arður frá dóttur- og hlutdeildarfélögum og engar endurskoðar upplýsingar væru um hag þeirra. Væri því ekki unnt að fullyrða að árshlutareikningurinn gæfi glögga mynd af hag félagsins. Þegar af þessari ástæðu var lánabeiðnin ófullnægjandi og ekki tæk til afgreiðslu.



Af gögnum málsins verður ráðið að stefndi Lárus hafi beitt ýmsa undirmenn sína miklum þrýstingi til að knýja fram lánaþingreiðsluna til FS38 ehf. Skipaði hann svo fyrir í tölvupóstum sem að framan er lýst að undirmenn hans, Bjarni Jóhannsson og stefndi Magnús Arnar, skyldu „búa til lánamál“ til handa FS38 ehf. (dskj. nr. 16), en þetta gerði stefndi Lárus eftir að hafa fengið fyrirmæli um það frá stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma, svo sem grein er gerð fyrir í málavaxtakafli stefnunnar. Þá virti stefndi Lárus að vettugi vísbendingar um að verðmæti Aurum bréfanna næmi í besta falli 1,5 milljarði króna. Tölvupóstur Einars Arnar til stefnda Lárusar daginn eftir að ákvörðunin um lánveitinguna til FS38 ehf. var tekin, ( dskj. nr. 25), ber þessi einnig merki að lánveitingin hafi verið úr takti við allt sem eðlilegt mátti teljast. Í tölvupóstinum lýsti Einar furðu sinni á því að bankinn skyldi ekki lána stefnda Pálma frekar 2 milljarða króna „ til að koma fyrir á Cayman áður en hann fer á hausinn, í stað þess að fara í alla þessa Goldsmith æfingu“, eins og kemur orðrétt fram í póstinum. Af tölvupóstinum verður ráðið að stefndi Lárus hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að samþykkja 6 milljarða króna lán til FS38 ehf. þrátt fyrir vitneskju um verulega fjáртjónsáhættu því samfara fyrir bankann.

Á grundvelli þess sem greinir að framan er á því byggt að stefndi Lárus hafi brotið gróflega gegn starfsskyldum sínum með eftirgreindum hætti:

Í fyrsta lagi, með því að ganga gegn lánareglum bankans um áhættugreiningu og varnir gegn útlánaáhættu, sbr. gr. 8.4. í lánahandbók (dskj. nr. 6) og samþykkja lánveitingu til hins ógjaldfæra FS38 ehf. án þess að gæta sérstakrar varúðar þar sem Fons hf. féll undir að vera stór áhættuskuldbinding skv. reglum FME og tryggja að fram færi óháð mat á virði hlutabréfa Fons hf. í Aurum sem veðandlags eða ítarleg greining gerð á hæfi Fons hf. til að ábyrgjast endurgreiðslu láns til FS38 ehf., eins og lánareglur bankans kváðu á um.

Í öðru lagi, með því að færa áhættu af gjaldföllnum lánum bankans til Fons hf., sem nam 4 milljörðum króna, af því félagi yfir til hins ógjaldfæra FS38 ehf. og sömuleiðis með því að færa áhættu af persónulegri yfirdráttarskuld stefnda Jóns Ásgeirs við bankann að fjárhæð 250 milljóna króna yfir á FS38 ehf.

Í þriðja lagi, með því að samþykkja lánabeiðni til FS38 ehf. á grundvelli yfirlýsinga um samninga Aurum við nýjan fjárfesti um nýtt hlutafé til Aurum og kaup hans á hluta af bréfum Fons hf. í Aurum án þess að fótur væri fyrir staðhæfingum um slíka samninga. En í fundargerð áhættunefndar nr. 676 frá 9. júlí 2008, (dskj. nr. 24), um samþykkt lánsins var fullyrt að bréf í Aurum yrðu seld til nafngreinds fyrirtækis, Damas, á tilteknu verði. Upplýst er að engir skuldbindandi samningar milli Aurum og Damas voru til staðar við samþykkt lánabeiðninnar og raunar aldrei síðar. Hins vegar, mun hafa verið fyrir hendi óskuldbindandi viljayfirlýsing milli Aurum og óskilgreinds félags, Damas LLC, um skoðun á mögulegum samningum um hlutabréfakaup í Aurum. Hún leiddi ekki til samninga, eins og áður sagði. Af þeim sökum var andstætt lánareglum bankans að miða samþykki lánabeiðni við að skuldbindandi samningar við Damas lægju fyrir, þegar svo var ekki raunin.



Í fjórða lagi, með því að fallast á áhættuflokkun FS38 ehf. og Fons hf. í lánabeiðni. Samkvæmt gr. 7.3. í lánahandbók (dskj. nr. 6) skyldi meta tengda aðila sem eina heild, sbr. og 2. gr. a. í reglum FME nr. 216/2007. Bar því að meta saman Fons hf. og FS38 ehf. þar sem Fons hf. átti FS38 ehf. að öllu leyti. Með hliðsjón af stórfelldum vanskilum og hnignandi fjárhagsstöðu Fons hf., sem og fyrirsjáanlegri vangetu FS38 ehf. til að greiða skuld sína við Fons hf. bar að flokka félögin saman í vanskilaflokk 10 sem heimilaði ekki lán á nýju fé.

Í fimmta lagi, með því brjóta gegn reglum bankans um hámark lánsheimilda áhættunefndar. Í júlí 2008 skuldaði Fons hf. um 28,5 milljarða króna skv. lánasamningum og ábyrgðum við bankann. Að teknu tilliti til 6 milljarða króna láns til FS38 ehf. og fyrirhugaðrar ráðstöfunar þess yrðu heildarskuldir og ábyrgðir beggja félaganna u.þ.b. 31 milljarður króna (dskj. nr. 24). Samkvæmt 4. gr. almennra lánareglna bankans (e. General Rules on Credit and Market Risk) var áhættunefnd bankans einvörðungu heimilt að lána allt að 10% af eigin fé banks til aðila í áhættuflokki 6 og 5% af eigin fé til aðila í áhættuflokki 8. Á þessum tíma var eigið fé bankans 283 milljarðar króna en skuld Fons hf. við bankann rúmlega 10% eiginfjár bankans og átti því að bera lánsbeiðnina undir stjórn bankans. Áhættunefndinni var þar af leiðandi óheimilt að veita lánið og var ákvörðun þeirra stefndu Lárusar, Magnúsar og Rósants um að lána FS38 ehf./ Fons hf. því ólögmat þegar af þeim ástæðum, hvað svo sem öðru líður.

Í sjötta lagi, með því að veita Fons hf. sölurétt á FS38 ehf. og einstökum eignum þess og gera Fons hf. þannig kleift að velta láni bankans til FS38 ehf. yfir á bankann. Það gerði Fons hf. með tilkynningu til bankans dags. 30. desember 2008.

Í sjöunda lagi með því að samþykkja að af lánsfjárhæðinni skyldu greiddir 2 milljarðar króna úr sjóðum bankans til Fons hf., þrátt fyrir stórfelld vanskil félagsins við bankann og með vitneskju um að þeir fjármunir myndu renna persónulega til stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma.

Með vísan til framangreinds telur stefnandi upplýst að stefndi Lárus hafi brotið gegn 68. gr. hfl., sbr. og 76. gr. s.l., sbr. og 17. gr. og 55 gr. ffl., og reglum FME nr. 216/2007 um áhættustýringu ofl. svo og lánareglum bankans með saknæmum og ólögmatum hætti og olli bankanum fjártjóni. Þá kann háttsemin einnig að varða við 249. gr. alm. hgl. um umboðssvik. Ber stefndi Lárus fébótaábyrgð gagnvart bankanum á grundvelli 134. gr. hfl., sbr. og sakarreglunni en skv. 1.mgr. 134. gr. hfl. er stefnda Lárusi skylt að bæta bankanum það tjón sem hann hefur valdið bankanum með framanlýstum hætti.

#### Krafa á hendur stefndu Guðnýju

Skaðabótakröfu sína á hendur stefndu Guðnýju byggir stefnandi á því að stefnda Guðný hafi valdið bankanum fjártjóni með saknæmum og ólögmatum hætti í starfi sínu sem lánastjóri. Er á því byggt að stefnda hafi við undirbúning og gerð lánabeiðni fyrir hönd Fons hf. og FS38 ehf. í júní og júlí 2008 brotið með stórfelldum hætti gegn lánareglum bankans með þeim afleiðingum að stefndu Lárus, Rósant Már og Magnús Arnar hafi fengið átyllu til þess að samþykkja lán til FS38 ehf. að fjárhæð 6 milljarðar króna án þess að skilyrði til útláns væru uppfyllt og með fullri vitund um verulega fjártjónshættu fyrir bankann af slíkri ákvörðun.



Fólst hin ólögmeta háttsemi stefndu Guðnýjar m.a. í eftirfarandi brotum gegn reglum bankans:

Stefnda Guðný gegndi starfi lánastjóra (e. Credit Manager) hjá bankanum. Í lánahandbók bankans (dskj. nr. 6), er fjallað rækilega um lánaferlið, hlutverk nefnda, lánastjóra og viðskiptastjóra en lánastjóri ber ábyrgð á því að rétt sé staðið að lánaferlinu, þ.e. undirbúningi þess og afgreiðslu lánabæiðna.

Í 6. gr. lánahandbókar var sérstaklega kveðið á um skyldur lánastjóra, var hann m.a. ábyrgur fyrir lánasafni og eftirliti með því. Lánastjóri var skilgreindur sem sérfræðingur í fjárhagsgreiningu (e. financial analysis) og áhættumati (e. risk assessment) og var hann ábyrgur fyrir útlánaáhættu varðandi einstök lánasöfn viðskiptamanna bankans. Skyldur lánastjóra voru m.a. skilgreindar þessar:

Að sjá um lánshæfis- og fjárhagsgreiningu í tengslum við áhættumat vegna lánabæiðna, að undirbúa og skrifa lánabæiðnir til lánanefnda og áhættuflokka lánabæiðendur og leggja til lánamörk, hafa eftirlit með lánasöfnum í samræmi við verklagsreglur áhættunefndar s.s. að afla ársskýrslna, endurmeta í áhættuflokka, endurmeta lánamörk, hafa eftirlit með vanskilamálum og leggja til afskriftir.

Í 8. gr. lánahandbókar bankans sagði að lánabæiðni skyldi vera skýrlega framsett með samantekt af allri viðeigandi greiningu og áhættumati. Sagði ennfremur að lánastjóri væri ábyrgur fyrir söfnun allra upplýsinga sem þyrfti til að fullgera greiningu og fyrir því að allar upplýsingar við greiningu væru réttar sem og ályktanir sem af þeim væru dregnar. Ennfremur sagði að sem meginreglu skyldi bankinn taka fullnægjandi tryggingar fyrir endurgreiðslu lána og skyldu tryggingar metnar annað hvort eftir markaðsverði eða kaupverði, hvort heldur væri lægra og skyldi bankinn ávallt hlutast til um sjálfstætt mat á veðum til bankans. Þá skyldi viðhafa gát við mat á ábyrgðarmönnum og meta þá í samhengi við lengd lánstíma og lánsfjárhæð.

Í 4. gr. CRP bankans, (dskj. nr. 5) var kveðið á um að bankinn skyldi meðvitað takmarka stórar skuldbindingar, þ.e. sem færu yfir 10% af eigin fé (CAD) bankans. Þá skyldu lengri lán takmarkast við lántaka í áhættuflokkum 1-5 og sérstaka áherslu skyldi leggja á mat á greiðslugetu lántaka, gæði veðtrygginga auk mats á útlánaáhættunni hverju sinni. Þá var í 12. gr. kveðið á um hvenær lántaki teldist vera í vanskilum (e. default) en svo var ef lántaki greiddi ekki á gjalddaga, svaraði ekki veðkalli, bryti gegn samningum eða fjárhagsstaða hans þannig að geta hans til að standa í skilum væri skert. Slíkan aðila skyldi meta í flokk 10, vanskilaflokk.

Þær lánabæiðnir sem stefnda Guðný undirbjó og lagði fyrir áhættunefnd, annars vegar þann 11. júní 2008 og hins vegar þann 9. júlí 2008 (dskj. nr. 19 og 23) voru fjarri því að fullnægja þeim skyldum sem lýst er hér að framan. Þær voru algerlega ófullnægjandi að efni til og að sumu leyti beinlínis rangar eða villandi og skorti öll nauðsynleg stuðningsgögn.

Í lánabæiðninni frá 11. júní 2008 um 2,2 milljarða króna sem fékkst þá samþykkt í lánanefnd greindi að trygging fyrir endurgreiðslu lánsins væru hlutabréf Fons hf. í Aurum sem félagið



hugðist selja til dótturfélagsins FS38 ehf. Var virði bréfanna sagt vera 4 milljarðar króna en engin grein var gerð fyrir því á hverju sú verðlagning byggðist; hvorki var vísað til eigin virðisgreiningar bankans né mats utanaðkomandi aðila. Þó var vitneskja í bankanum um að bréfin í Aurum væru tæpast meira virði en 1,5 milljarður króna, sbr. tölvupóstur Einars Arnar Ólafssonar til stefnda Lárusar frá 23. maí 2008, ( dskj. nr. 17). Er líklegt að sú vitneskja hafi verið fengin frá Fons hf. áður en lánaferlið fór af stað en upplýst var eftir gjaldþrot Fons hf. að markaðsvirði bréfa félagsins í Aurum hafi verið fært í bókhald Fons hf. á tæplega 1,5 milljarð króna miðað við 1. janúar 2008, eins og áður hefur verið gert grein fyrir.

Þá var í lánabeiðninni gerð grein fyrir fjárhagsstöðu félaganna Fons hf. og FS38 ehf. Um síðarnefnda félagið sagði að það ætti 2,7 milljarða kröfu á Stím ehf. og skuldaði samsvarandi fjárhæð til Fons hf. Hins vegar, var látið ógetið að Stím ehf. væri metið ógjaldfært af bankanum og krafa FS38 ehf. myndi því fyrirsjáanlega tapast með þeim afleiðingum að FS38 ehf. yrði ófært um að greiða gjaldfallna skuld sína við Fons hf. sem félagið hafði tekið að láni frá bankanum til að endurlána til Stím ehf. í gegnum FS38 ehf.

Að því er Fons hf. varðaði þá var í lánabeiðninni byggt á ársreikningsdrögum frá stefnda Pálma sjálfum og tæplega ársögmlu árshlutauppgjöri, frá september 2007 en engu samtímauppgjöri var til að dreifa. Þó bjó vitneskja með stefndu Guðnýju um að virði á eignum Fons hf. sem voru aðallega markaðshlutabréf í FL Group hf. og fleiri félögum færi hríðlækkandi og að félagið væri jafnframt ófært um að greiða vanskil við bankann að fjárhæð 3,5 milljarða króna auk þess sem skilyrði voru til þess að bankinn beitti veðkalli vegna ónógra trygginga að fjárhæð u.þ.b. 3 milljarðar króna vegna taps á markaðsviðskiptum Fons hf.

Þá var bersýnilegt að flokkun stefndu á FS38 ehf. í áhættuflokk 8 og Fons hf. í flokk 6 var ekki í samræmi við skilyrði gr. 5.3 í RM bankans, (dskj. nr. 8). Samkvæmt þeim mátti flokka félag í áhættuflokk 8 ef félagið væri í viðunandi fjárhagsstöðu (e. *entities with acceptable financial standing*) en óstöðugar horfur og auknar líkur á vanskilum (e. *increased probability of default*). FS38 ehf. fullnægði því skilyrði ekki að teljast með viðunandi fjárhagsstöðu í ljósi þess að krafa félagsins á Stím ehf. var töpuð og félagið ófært um að greiða gjaldfallna 2,7 milljarða króna skuld sína við Fons hf. Þá mátti aðeins flokka það félag í áhættuflokk 6 sem taldist vera tiltölulega sterkt og með fullnægjandi fjárhagsstöðu (e. *relatively strong entities with adequate financial standing and market position*) með litlum líkindum á vanskilum (e. *low probability of default*). Fons hf. fullnægði bersýnilega ekki þessum skilyrðum þar sem félagið hafði ekki afhent endurskoðað uppgjör og var því með óljósa fjárhagsstöðu, var í verulegum vanskilum og stóð frammi fyrri veðkalli og skyldi því falla í áhættuflokk 10. Sá flokkur girti fyrir frekari ný útlán.

Þá var í lánabeiðninni ekki gerð grein fyrir því hversu heildarskuldbindingar Fons hf. væru stór hluti af eiginfé (CAD) bankans. Eigið fé bankans var á þessum tíma 283 milljarðar króna og hlutfall skuldbindinga Fons hf. af eigin fé bankans var ríflega 10%. Skuldbindingar Fons hf. töldust því til stórra áhættuskuldbindinga skv. 2. gr. reglna FME nr. 216/2007 og var það tilkynningarskylt til FME skv. sömu reglum. Með því að skuldbinding Fons hf. fór yfir 10% af eigin fé bankans hafði áhættunefndin ekki heimild til að samþykkja frekari fyrirgreiðslu til



félagsins þar sem heimild nefndarinnar til að lána til félags í áhættuflokki 6 var bundin við 10% af eigin fé bankans og því marki var náð. Þá var heimild áhættunefndarinnar til að lána til FS38 ehf. í áhættuflokki 8 bundin við 5% af eigin fé bankans að hámarki og með því að meta átti félögin saman skv. reglum FME nr. 216/2007, sbr. og lánareglum bankans, var ljóst að áhættunefndin mátti ekki lána FS38 ehf. meira fé en Fons hf. hafði þegar bundið sig til að greiða bankanum. Að þessu bar stefnda að gæta og vekja athygli áhættunefndar á þessu ef hún á annað borð taldi skilyrði til þess að leggja lánabeiðni fyrir áhættunefndina til skoðunar.

Auk heldur var í lánabeiðninni staðhæft að FS38 ehf. myndi selja 19% hlutar í Aurum fyrir 3 milljarða og greiða lánið þá upp. Engin gögn lágu hins vegar fyrir til stuðnings þessum staðhæfingum stefndu Guðnýjar.

Lánabeiðninni sem dags. var 9. júlí 2008 (dskj. nr. 23) var nokkuð rýrari en hin fyrri þó að lánsfjárhæðin hefði hækkað úr 2,2 milljörðum króna í 6 milljarða. Í síðari lánabeiðni FS38 ehf. og Fons hf., (dskj. nr. 23) var greint frá því að FS38 ehf. hyggðist kaupa bréfin í Aurum af Fons hf. á 6 milljarða króna en ekki var gerð grein fyrir því hvað hefði orðið þess valdandi að kaupverðið hækkaði um 2,7 milljarða á tæplega mánuði. Í lánabeiðninni var ekkert vikið að tryggingum fyrir hinu umbeðna láni og verðmæti þeirra, svo sem bar að gera skv. lánareglunum. Þá var tilgreint í lánabeiðninni að bréfin í Aurum yrðu áfram seld til nýs fjárfestis á tilteknu verði og varð beinlínis af því ráðið að skuldbindandi samningar væru þar að baki sem var ekki raunin.

Þrátt fyrir allt framangreint lagði stefnda Guðný til við áhættunefndina að hún samþykkti lán til FS38 ehf. að fjárhæð 6 milljarða króna.

Með framansögðu þá er leitt í ljós að stefnda Guðný hafi brotið gróflega gegn lánareglum bankans við undirbúning hinnar ólögmætu lánafyrirgreiðslu sem að framan er fjallað um. Þó að stefnda Guðný hafi ekki komið að endanlegri ákvörðun um lánveitingu til FS38 ehf. er augljóst að undirbúningur og gerð lánsbeiðinnar var lykilforsenda þess að lánið til FS38 ehf. var veitt. Án lánabeiðni og meðmæla lánastjóra hefðu stefndu Lárus, Rósant Mór og Magnús Arnar ekki haft tilefni til að veita 6 milljarða lán til FS38 ehf. í trássi við lánareglur bankans. Leiddi þessi saknæma og ólögmæta háttsemi stefndu Guðnýjar til fjártjóns fyrir stefnanda þar sem umrætt lán hefur tapast að fullu.

#### Kröfur á hendur stefndu Rósant Má og Magnúsi Arnari:

Skaðabótakröfu sína á hendur stefndu Rósant Má og Magnúsi Arnari byggir stefnandi á því að stefnda hafi valdið bankanum fjártjóni með saknæmum og ólögmætum hætti. Hafi stefnda í störfum sínum sem meðlimir framkvæmdastjórnar og áhættunefndar bankans brotið með gróflega gegn starfsskyldum sínum með því að samþykkja ólögmæta lánveitingu til FS38 ehf. þann 9. júlí 2008 að fjárhæð 6 milljarðar króna ásamt stefnda Lárusi, án þess að fylgt væri útlánareglum bankans og því sett bankann í stórfellda og fyrirsjáanlega fjártjónsáhættu enda liggur fyrir að fjármunir þeir sem lánaðir voru úr sjóðum bankans glötuðust með öllu.

Í júní 2008 gegndi stefndi Rósant Mór stöðu fjármálastjóra (e. Chief Financial Officer) hjá stefnanda og var varaformaður áhættunefndar bankans. Stefndi Magnús gegndi stöðu



framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans (e. Managing Director of Corporate Banking) og sat einnig í áhættunefndinni. Sem fjármálastjóri bankans og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans höfðu stefndu sérstaklega ríkar skyldur til að hafa eftirlit með því að lánareglum bankans skyldi fylgt í öllu tilvikum.

Í 8. gr. lánahandbókar (CM) var kveðið á um að áhættunefnd ásamt lána- og viðskiptastjórum skyldi bera sameiginlega ábyrgð á afgreiðslu lánabæðna. Í því fólst að á stefndu hvíldi skylda til að samþykkja ekki lánabæðnir nema tiltekna grundvallarreglur væru uppfylltar; í fyrsta lagi, að upplýsingar í lánabæðni væru fullnægjandi og studdar viðeigandi gögnum og í öðru lagi, að flokkun lánataka í áhættuflokk væri rétt og í þriðja lagi lánsupphæð væru innan heimilda áhættunefndarinnar og veðtryggingar væru fullnægjandi. Með hliðsjón af framangreindu bar stefndu að gæta þess að lánabæðni hverju sinni væri m.a. skýr og ótvíræð um; áhættuflokk lánataka, verðmæti trygginga fyrir endurgreiðslu láns, fjárhagsupplýsingar lánataka og ábyrgðarmanna ef um þá var að ræða og jafnframt að öll gögn sem vísað væri til í lánabæðni væru meðfylgjandi og aðgengileg fyrir áhættunefndina áður en ákvörðun um lánabæðnina yrði tekin. Auk heldur, bar nefndarmönnum að gæta þess að ekki yrðu samþykktar lánabæðnir í nefndinni sem ekki rúmuðust innan heimilda hennar. Á stefnda Rósant Má sem varaformanns áhættunefndar hvíldi ennfremur sú sérstaka varúðarskylda að gæta þess að allar lánabæðnir yrðu teknar fyrir í nefndinni þannig að allir nefndarmenn gætu tekið afstöðu til lánabæðni og beitt neitunarvaldi sínu ef þeim þætti ástæða til.

Fólst hin ólögmeta háttsemi stefndu Rósants og Magnúsar m.a. í eftirfarandi brotum gegn reglum bankans:

Í lánabæðninni sem lögð var fyrir fund áhættunefndar dags. 9. júlí 2008 (dskj. nr. 23), skorti bersýnilega á um að gerð væri fullnægjandi grein fyrir lánataka, fjárhagsstöðu hans og ábyrgðarmanns hans, verðmæti trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins og samningum sem sagðir voru styrkja fjárhagsstöðu Aurum og veita bankanum rétt til að selja bréf sem hann kynni að eignast í Aurum á tilteknu tilgreindu verði. Í lánabæðninni voru FS38 ehf. og Fons hf. flokkuð í áhættuflokka 8 og 6. Af lánabæðninni var ljóst að FS38 ehf. væri dótturfélag Fons hf. og að félagið skuldaði Fons hf. 2,7 milljarða króna sem félagið hafði endurlánað til Stím ehf. sem var eignalaust. Sömuleiðis var ljóst að skuldir Fons hf. voru verulegar við bankann. Af þessum ástæðum var stefndu Rósant Má og Magnúsi Arnari fullkomlega ljóst við meðferð á lánabæðni FS38 ehf. og Fons hf. að FS38 ehf. fengi ekki greidda kröfu sína á Stím ehf. og gæti því ekki endurgreitt gjaldfallið lán til Fons hf. Bersýnilegt var því að FS38 ehf. uppfyllti ekki skilyrði áhættuflokks 8 um að vera í „*acceptable financial standing*“ og vissu stefndu eða máttu vita að áhættuflokkun FS38 ehf. væri röng.

Þá var flokkun Fons hf. í áhættuflokk 6 einnig bersýnilega röng miðað við stórfelld vanskil Fons hf. við bankann og vitneskju stefndu um slæma fjárhagsstöðu félagsins. Með hliðsjón af ógjaldfærni FS38 ehf. og stórfelldum vanskilum Fons hf. við bankann bar að fella bæði félögin í flokk 10 sem girti fyrir ný útlán til félaganna. Með hliðsjón af neikvæðri þróun á fjárhagsstöðu Fons hf. var bersýnilegt að frestanir á afborgunum og eftir atvikum innheimtuaðgerðum á hendur félaginu, myndu hafa í för með sér minnkandi líkur á endurgreiðslu lána enda fór svo að Fons hf. varð gjaldþrota þann 30. apríl 2009, nokkru áður



en að gjalddaga lánsins kom. Að þessu bar stefndu að gæta sem fulltrúum í áhættunefnd bankans.

Þá var ljóst að lánabeiðnin var ófullnægjandi og í andstöðu við verklagsreglur bankans um útlán. Hún bar með sér að mat á virði hlutabréfa Fons hf. í Aurum hefði ekki farið fram svo sem lánareglur bankans kváðu á um og leiddi jafnframt af skyldum bankans skv. reglum 216/2007 til þess að minnka tapsáhættu vegna stórra áhættuskuldbindinga. Í lánabeiðninni var kveðið á um að FS38 ehf., dótturfélag Fons hf., leitaði eftir 6 milljarða króna láni til að kaupa hlutabréf Fons hf. í Aurum. Í lánabeiðninni var ekki gerð grein fyrir því af hverju verðmæti bréfanna í Aurum steig úr 4 milljörðum króna frá fyrri lánabeiðni FS38 ehf./Fons hf. á rétt um mánuði frá 11. júní 2008 til 9. júlí 2008. En báðir stefndu höfðu fjallað um fyrri lánsbeiðni FS38 ehf. í júní 2008 sem hljóðaði upp á 2,2 milljarða króna lán til kaupa á Aurum bréfunum á 3,3 milljarða króna af Fons hf. Stefndi Magnús hafði auk þess setið lánanefndarfund í svonefndri Credit Committee þann 3. júní 2008 þar sem fjallað var um beiðni Aurum/Goldsmiths um frestun á greiðslu vaxta og afborgana í 12-18 mánuði vegna rekstrarerfiðleika félagsins og systurfélaga, í eigu Aurum (dskj. nr. 53). Í beiðni Goldsmiths kom fram að rekstrarárangur hefði verið u.þ.b. 25% lakari er áætlanir höfðu gert ráð fyrir á rekstrarárinu 2007-2008 sem lauk í janúar 2008. Tilvísun í lánabeiðni til samninga Aurum við nýjan fjárfesti um hlutafjárukningu í Aurum voru staðhæfingar sem studdust ekki við nein skjálleg gögn. Hið sama gilti um staðhæfingar um að bankinn gæti á grundvelli kaupréttar á FS38 ehf. selt hluti í Aurum á tilgreindu verði til þriðja aðila. Stefndu var því eða mátti vera ljóst að tryggingargildi bréfanna í Aurum væri óljóst og það yrði að meta af hálfu bankans áður en unnt yrði að fjalla um lánabeiðnina.

Þá skorti á að gerð væri grein fyrir fjárhagsstöðu Fons hf. og FS38 ehf. Aðeins var vísað til uppgjörstraga í lánabeiðni og árshlutauppgjörs fyrir Fons hf. frá september 2007 en ekki til samtímauppgjörs eða, eftir atvikum, mats bankans á fjárhagsstöðu Fons hf. En vitneskja var um það í bankanum að fjárhagsstaða Fons hf. væri slæm og færi versnandi. Bar stefndu því að gæta að því að lánabeiðnin innibæri fullnægjandi upplýsingar um stöðu lántaka, mat á tryggingargildi veða og sjálfskuldarábyrgðar Fons hf. sem og endurgreiðslugetu FS38 ehf. Það gerðu stefndu ekki.

Með hliðsjón af því að skuldir Fons hf. við bankann fóru yfir 10% af eigin fé bankans töldust þær til stórrar áhættuskuldbindingar í skilningi 6. mgr. 3. gr. reglna Fjármálaeftirlits nr. 216/2007 og tilkynningarskyldar til eftirlitsins skv. 7. grein reglnanna sem bar að meðhöndla með varúð m.t.t. trygginga fyrir endurgreiðslum og mats á tapsáhættu, sbr. og verklagsreglur bankans um varúðarfærslur (dskj. nr. 59). Jafnframt var skuldbinding Fons hf. við bankann það há að áhættunefnd hafði ekki heimild til þess að taka ákvörðun um frekari lánveitingar til Fons hf. en skv. 4. gr. almennra lánareglna (dskj. nr. 4) var lánheimild hættunefndar bundin við 10% af eigin fé bankans til aðila í áhættuflokki 6 en 5% af eigin fé bankans til aðila í áhættuflokki 8. Jafnvel þó að miðað væri við að áhættuflokkun bankans á Fons hf. og FS38 ehf. hefði verið rétt þá skorti áhættunefndina heimild til þess að ákveða nýtt lán til FS38 ehf. Félögin voru fjárhagslega tengdir aðilar í skilningi 2. gr. reglna nr. 216/2007 og bar að meta þau sem einn aðila skv. útlánareglum bankans. Að þessu gættu stefndu ekki og ákváðu allt að einu að samþykkja nýtt lán í nafni áhættunefndarinnar til FS38 ehf. en í þágu Fons hf.



Svo sem framangreint ber með sér fullnægðí lánabeiðnin ekki skilyrðum í lánareglum um að vera skýr og fullnægjandi greining á láns hæfi, tryggingum og áhættu á útlánum bankans eða um stuðningsgögn meðfylgjandi lánabeiðni. Hlaut stefndu að vera það ljóst sem vönum bankamönnum til margra ára að fráleitt væri að heimila lán að fjárhæð 6 milljarða króna til ógjaldfærs félags á grundvelli þessarar lánabeiðni. Bar þeim því að synja um lánveitinguna vegna þessara ágalla á henni.

Af gögnum málsins er upplýst að stefndu féllust á beiðni stefnda Lárusar um að afgreiða og samþykkja lánabeiðnina utan reglulegs nefndarfundar í áhættunefnd. Sú ákvörðun að samþykkja lánabeiðnina utan reglulegs fundar áhættunefndar staðfestir vitneskju um andstöðu eða ótta um andstöðu annarra nefndarmanna við lánabeiðninni en allir höfðu þeir neitunarvald. Þá er og upplýst að a.m.k. stefndi Rósant Már hafði látið í ljós andstöðu við fyrirhugaða lánveitingu til FS38 ehf./Fons hf. við stefnda Lárus en þrátt fyrir það fallist á beiðni hans um að samþykkja lánveitinguna utan reglulegs fundar áhættunefndarinnar.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er leitt í ljós að með því að samþykkja 6 milljarða króna lán til FS38 ehf. þann 9. júlí 2008 brutu stefndu Rósant Már og Magnús Arnar með stórfelldum hætti gegn starfsskyldum sínum í bankanum. Leiddi háttsemi þeirra til verulegrar fjártjónshættu fyrir bankann í ljósi þess að lántakinn FS38 ehf. væri ógjaldfær og tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsins væru ófullnægjandi. Lánið til FS38 ehf. hefur ekki fengist greitt og liggur fyrir að það mun ekki fást greitt enda er FS38 ehf. eignalaust félag og tryggingar bankans fyrir endurgreiðslu lánsins ónýtar. Hefur stefnandi því orðið fyrir tjóni sem nemur fjárhæð lánsins. Er byggt á því að stefndu beri fébótaábyrgð gagnvart bankanum á grundvelli sakarreglunnar ásamt öðrum stefndu.

#### Kröfur á hendur stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma:

Skaðabótakröfu sína á hendur stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma byggir stefnandi á því að stefndu hafi valdið bankanum fjártjóni með saknæmum og ólögum hætti. Hafi stefndu Jón Ásgeir og Pálmi átt frumkvæði að, hvatt til og í raun stýrt þeirri ákvörðun stefndu Lárusar, Rósant Márs og Magnúsar Arnar að bankinn skyldi lána 6 milljarða króna til FS38 ehf., í þágu stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma og Fons hf. og bersýnilega án tillits til hagsmuna bankans.

Hafi stefndu Jón Ásgeir og Pálmi í krafti stöðu sinnar sem fulltrúar ráðandi hluthafa í FL Group hf. og Jötni Holding ehf., stærstu hluthafa í bankanum með samtals rétt tæplega 40% eignarhlut í honum og með fjóra af sex stjórnarmönnum sér handgengnum, hagnýtt sér ráðandi stöðu sína og gefið stefnda Lárusi og fleiri starfsmönnum bankans bein og ótvíræð fyrirmæli um að bankinn skyldi leggja til grundvallar sýndarviðskipti milli Fons hf og eignarlausu dótturfélagsins FS38 ehf. um bréf í Aurum Holding Limited og lána kaupverðið til FS38 ehf. Hafi tilgangur stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma m.a. verið að ná 2 milljörðum króna af láninu undir sig persónulega og að öðru leyti í þágu Fons hf. sem var þá þegar ófært um að greiða gjaldfallnar skuldbindingar sínar við bankann. Með háttsemi sinni hafi stefndu Jón Ásgeir og Pálmi því orðið samábyrgir stefndu starfsmönnum bankans fyrir því fjártjóni sem orsakaðist af hinni ólögmetu lánveitingu til FS38 ehf.

Hin ólögmeta háttsemi stefndu fólst nánar tiltekið í eftirfarandi brotum gegn bankanum:



Með því að nýta sér stöðu sína sem ráðandi hluthafar í bankanum og gefið fyrirmæli til stefnda Lárusar og Guðnýjar um að hinu ógjaldfæra FS38 ehf. skyldu lánaðir 6 milljarðar króna án þess að skeyta um útlánaáættu bankans og lánareglur hans og fylgja þeim fyrirmælum eftir, ihlutuðust stefndu Jóns Ásgeir og Pálmi um stjórn bankans með saknæmum og ólögætum hætti.

Var ihlutun stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma með þeim hætti að ekki getur dulist að báðir stefndu hafi komið fram gagnvart stefnda Lárusi og öðrum starfsmönnum bankans sem „eigendur“ hans og í krafti þess valds sem fólst í ráðandi hlutfjáreign í bankanum. Misbeittu stefndu Jón Ásgeir og Pálmi því valdi sem fylgdi ráðandi hlutfjáreign í almenningshlutafélagi á skipulegum verðbréfamarkaði.

Stefndu Jón Ásgeir og Pálmi lögðu á ráðin um hina ólögætú lánveitingu til sjálfra sín og Fons hf. í gegnum milligöngu FS38 ehf., og hvöttu til og fyrirskipuðu m.a. með ítrekuðum tölvupóstum til starfsmanna bankans og fundum með einstökum starfsmönnum hans um að FS38 ehf. skyldi lánað fé. Áttu stefndu Jón Ásgeir og Pálmi m.a. fund með stefnda Lárusi og fleirum starfsmönnum bankans þann 5. maí 2008 um það hvernig unnt væri að ná fjármunum út úr bankanum í þágu Fons hf. og stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma persónulega sbr. tölvupóst forstjóra Baugs Group hf., félags stefnda Jóns Ásgeirs til stefnda Lárusar, dags 5 maí 2008 (dskj. nr. 13). Samkvæmt honum skyldi bankinn kaupa hlutabréf Fons hf. í Aurum Holding Limited hf. á 6 milljarða króna til þess að stoppa upp í „*tryggingargöt PH upp á 3.0 ma kr.*“ eins og það var orðað en hér var átt við ónógar tryggingar vegna framvirkra samninga Fons hf. og bankans um hlutabréf. Samkvæmt tölvupóstinum skyldi nýta lánsféð til FS38 ehf. að öðru leyti til að greiða upp „*aðrar skuldbindingar PH upp á kr. 0,8 ma kr.*“ auk þess sem „*PH [skyldi fá] 2.2 ma. kr. í cash“ eins og sagði þar.*

Stefndi Jón Ásgeir gaf stefnda Lárusi fyrirmæli í tölvupósti þann 11. maí 2008 (dskj. nr. 14) um að „*klára*“ ýmsar lánveitingar til félaga tengdum stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma þ.m.t. um að „*Klára Goldsmith*“ og láta sér í té 1 milljarð króna af lánveitingu út á Aurum bréfin auk ríflega 1 milljarðs til stefnda Pálma svo sem eftirfarandi fyrirmæli í téðum tölvupósti, dags. 11. maí 2008staðfesta (dskj. nr. 14);

„*ef (sic) þessu (sic) 1 milljarði sem ég átti að fá greitt þarf 250 að fara til að borga yfirdrátt hjá GLB prinsíp mál að vera ekki með persónulegar skuldir í (sic) mér. Rest get ég raun geymt hjá GLB þ.e.a.s. 750 þannig net cash út hjá GLB er 1,2 til PH.*“

Stefndi Jón Ásgeir gaf stefnda Lárusi enn fyrirmæli í tölvupósti þann 22. maí 2008 (dskj. nr. 15) þar sem sagði að hann „*ætlaðist til*“ að stefndi Lárus ynni „*sín mál*“ í samræmi við „*the Bonus way*“ til þess að koma málunum „*frá*“ þannig að stefndi Jón Ásgeir fengi „*borðið [sitt] hreint*“. Í tölvupóstinum fólust samkvæmt þessu m.a. fyrirmæli um að bankinn lánaði 2,2 milljarða króna vegna „*Goldsmith v.Fons*“. Af gögnum málsins er ljóst að stefndi Lárus varð við fyrirmælum stefnda Jóns Ásgeirs og gaf undirmönnum sínum, þ.m.t. stefnda Magnúsi Arnari, fyrirmæli um að „*búa til lánamál úr [þessum tillögum] og taka þetta fyrir*“, sbr. tölvupóst stefnda Lárusar, dags. 23. maí 2008, á dskj. nr. 16. Er bersýnilegt að þetta var



upphafið af því að lánað til FS38 ehf. út á sýndarviðskiptin með hlutabréf í Aurum Holdings Limited.

Stefndi Pálmi ítrekaði svo fyrirmæli stefnda Jóns Ásgeirs til starfsmanna bankans m.a. í tölvupósti, dags. 3. júní 2008 til stefndu Lárusar og Guðnýjar (dskj. nr. 18) þar sem hann tilkynnti komu lögmanns síns, Einars Þórs Sverrissonar, í bankann til þess að „*hægt væri að ljúka þessu máli í eitt skipti fyrir öll*“. Í tölvupóstinum sagði stefndi Pálmi m.a. „*ég ítreka að það að ég legg mikla áherslu á að við gerum þetta með þeim hætti sem rætt var um*“ sem var m.a. það að „*þið greiðið 6000 m fyrir Aurum bréfin að því gefnu að þið séuð komin með puttið sem ykkur var lofað í gær*“. Kom enn fremur fram að af lánsfé til FS38 ehf. skyldi greiða upp „*F38 2.730m*“. Jafnframt voru fyrirmæli um að 1 milljarður króna af láninu skyldi „*fara í að greiða skuld við JAJ*“ þ.e. stefnda Jón Ásgeir og eftirstöðvar lánsins til FS38 ehf., þegar búið væri að ráðstafa því í þágu Fons hf. „*skyldi vera „frítt til ráðstöfunnar (sic) fyrir Fons*“.

Með hliðsjón af framangreindu höfðu fyrirmæli stefndu Jóns Ásgeirs og Pálma um að bankinn skyldi lána Fons hf. eða félagi í eigu Fons hf. eftirfarandi tilgang; 1) að forða ógjaldfæru Fons hf. undan óhjákvæmilegum innheimtuaðgerðum af hálfu bankans; 2) að færa skuldbindingar Fons hf. og stefnda Jóns Ásgeirs við bankann yfir á hið ógjaldfæra FS38 ehf. og 3) færa stefndu Jón Ásgeiri og Pálma reiðufé frá bankanum án þess að þeir tækju á sig skuldbindingu á móti gagnvart bankanum.

Þó að ákvörðun um téða lánveitingu hafi verið formlega hjá forstjóra bankans og meðlimum áhættunefndar bankans var hin raunverulega ákvörðun um lánveitinguna skv. framansögðu tekin af stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma.

Með háttsemi sinni skeyttu stefndu Jón Ásgeir og Pálmi í engu um lánareglur bankans og viðhöfðu grófar blekkingar gagnvart bankanum um mikilvæg atriði sem skiptu máli við mat áhættunefndar bankans á lánabeiðni FS38 ehf., færi hún til umfjöllunar þar. Í því sambandi héldu stefndu, í fyrsta lagi, fram vísitandi röngum upplýsingum um verðmæti hlutabréfa Fons hf. í Aurum sem stefndu vissu vegna náinna tengsla sinna við Fons hf. og Aurum að væru fjarri því að vera virði 6 milljarða króna. Verðmæti hlutabréfanna í Aurum í bókum Fons hf. var skráð u.þ.b. 1,5 milljarður króna miðað við 1. janúar 2008 og hafði þá verið fært niður frá upphaflegu kaupverði sem var u.þ.b. 2,8 milljarða króna. Var kaupverð bréfanna því sýndarverð og sett fram í þeim tilgangi að blekkja. Í öðru lagi, héldu stefndu fram vísitandi röngum staðhæfingum um meinta samninga Aurum við nýjan fjárfesti, annars vegar, um nýtt rekstrarfé til Aurum og hins vegar, um rétt FS38 ehf. til sölu á hlutabréfum í Aurum. Upplýst er að á þessum tíma lá fyrir viljayfirlýsing við félag sem nefnt var Damas LLC sem var óskuldbindandi með öllu og að engir samningar voru gerðir milli félaganna, hvorki þá né síðar. Í þriðja lagi, héldu stefndu fram röngum upplýsingum um fjárhagsstöðu Fons hf. og leyndu mikilsverðum upplýsingum um hag beggja félaganna sem skiptu máli við mat á útlánaáhættu vegna láns til FS38 ehf. Þannig framvísaði stefndi Pálmu drögum að ársreikningi 2007 fyrir Fons hf. sem innihélt bersýnilega rangt mat á eignum félagsins auk þess sem tilteknum fjárhagsupplýsingum var sleppt. Stefndu Jón Ásgeir og Pálmi komu því til leiðar með fyrirmælum m.a. til stefnda Lárusar og stefndu Guðnýjar og með fulltingi



annarra stefndu, að þessar röngu upplýsingar skyldu settar í lánabeiðni sem lögð skyldi fyrir áhættunefndarfund þann 9. júlí 2008.

Með hliðsjón af framangreindu höfðu stefndu frumkvæði að, hvöttu til og hlutuðust til um með beinum hætti, í samráði við aðra stefndu í málinu, að knýja fram lánveitinguna til FS38 ehf. með fullri vitneskju um að lántakinn, FS38 ehf., væri ógjaldfært og eignalaust félag og að tryggingar fyrir endurgreiðslu láns til félagsins væru fjarri því að standa undir endurgreiðslu lánsins.

Þá er byggt á því að stefndu Jón Ásgeir og Pálmi hafi báðir beinlínis notið fjárhagslegs ávinnings af hinni ólögsmætu lánveitingu til FS38 ehf. þar sem hvor um sig hafi fengið til sín greiddan 1 milljarð króna af andvirði lánsins. Hafi stefndi Jón Ásgeir fengið sinn hluta lánsins með greiðslu af reikningi Fons hf. hjá bankanum, með tveimur millifærslum þann 21. júlí 2008, annars vegar 100 milljónum króna og hins vegar, níu hundruð milljónum króna, sama dag og lánið til FS38 ehf. var greitt út til Fons hf. skv. skilmálum lánasamningsins (dskj. nr. 27). Hafi stefndi Jón Ásgeir því í raun látið bankann sjálfan greiða fyrir sig 250 milljón króna yfirdrátt á persónulegum reikningi hans í bankanum. Þá hafi stefndi Jón Ásgeir nýtt 750 milljónir króna af lánsfénu í eigin þágu eftir greiðslu á framangreindri yfirdráttarskuld. Hafi stefndi Pálmi hins vegar greitt sér 1 milljarð króna af lánsfénu til FS38 ehf. inn á reikning sinn í Kaupthing Luxembourg S.A. (dskj. nr. 27)

Með hliðsjón af þessu telur stefnandi leitt í ljós að stefndu Jón Ásgeir og Pálmi hafi valdið bankanum fjártjóni með saknæmum og ólögsmætum hætti sem nemi andvirði lánsfjárins til FS38 ehf. Byggir stefnandi á sakarreglunni gagnvart stefndu Jóni Ásgeiri og Pálma um skaðverk utan samninga.

#### Sérstakar málsástæður sem varða öll stefndu:

Ex tuto er tekið fram að allar málsástæður og lagarök hér að framan eiga við um allar kröfur á hendur öllum stefndu eftir því sem við á.

Varðandi bótaskyldu þá er jafnframt er á því byggt gagnvart öllum stefndu að þeir hafi valdið stefnanda fjártjóni með saknæmum og ólögsmætum hætti. Umrædd háttsemi hafi allt yfirbragð ásetnings en í öllu falli verði að telja að hinu bótaskylda tjóni hafi verið valdið af gáleysi enda hafi háttsemi stefndu ekki verið í samræmi við það sem krefjast verður af góðum og gegnum stjórnendum í þeim stöðum sem stefndu gegndu í bankanum.

Að mati stefnanda er sannað að orsakatengsl séu á milli fjártjóns bankans af lánveitingunni til FS38 ehf. og þeirrar ólögsmætu og bótaskyldu háttsemi sem að framan er lýst þar sem fjártjón stefnanda hefði ekki átt sér stað nema fyrir hina saknæmu og ólögsmætu ákvörðun að hvetja til, hlutast til um og ákveða að lána 6 milljarða króna til FS38 ehf. Sömu leiðis er sannað að mati stefnanda að fjártjón hans sé sennileg afleiðing af háttsemi stefndu enda mátti öllum stefndu vera ljóst að sú ákvörðun að lána ógjaldfæru félagi án fullnægjandi veðtrygginga myndi leiða til fjártjóns. Verður því að líta svo á að stefndu sem reyndum bankamönnum hafi ekki dulist eða mátt dyljast að verulegar líkur væru á því að háttsemi þeirra myndi leiða til fjártjóns fyrir stefnanda.



## UM FJÁRTJÓN STEFNANDA:

Fjártjón bankans af hinni ólögmætu og saknæmu háttsemi stefndu nemur andvirði lánsins sem veitt var FS38 ehf. Það hefur ekki verið endurgreitt, að hluta eða öllu leyti.

Lánið til FS38 ehf. var á gjalddaga þann 16. júlí 2009 og greiddist ekki þar sem engir fjármunir voru til í félaginu. Krafa félagsins á Stím ehf. var verðlaus enda hafði bankinn í árslok 2007 metið Stím ehf. sem eignalaust. Í ársreikningi FS38 ehf. árið 2007 var skráð eigið fé neikvætt um tæpar 26 milljónir króna. Með tilliti til stöðu Stím ehf. var eigið fé FS38 ehf. í raun neikvætt um u.þ.b. 2,7 milljarða króna þegar lánið var veitt, þ.e. sem nam skuld FS38 ehf. við móðurfélagið Fons hf. Eina eign FS38 ehf. umfram kröfu á Stím ehf. voru hlutabréf í Aurum Holdings Limited sem voru verðlaus er kom að gjalddaga lánsins, þann 16. júlí 2009. Hafi eitthvert verðgildi verið í hlutabréfum Aurum þann 16. júlí 2008 er lánasamningurinn var gerður þá skiptir það engu að mati stefnanda þar sem veðhæfni bréfanna hafi frá upphafi verið ófullnægjandi og að auki hafi stefnandi ekki haft ráðstöfunarrétt yfir bréfunum. Upplýst er að Aurum og dótturfélag Aurum höfðu verið í viðvarandi rekstrarerfiðleikum og greiðsluþroti frá janúar 2008 og var allt hlutafé þess afskrifað þann um haustið 2009 að kröfu lánadrottna þess til að forða því frá gjaldþroti. FS38 ehf. er nú á leið í gjaldþrotaskipti.

Fons hf., sem ábyrgðist hluta láns bankans til FS38 ehf., varð gjaldþrota þann 30. apríl 2009, áður en reyndi á sjálfskuldarábyrgð félagsins. Stefnandi lýsti kröfu í þrotabú Fons hf. en ekkert bendir til að greiðast muni upp í almennar kröfur í þrotabúið.

Hið ólögmæta lán til FS38 ehf. fékkst því ekki endurgreitt til bankans og er staðreynt að hvorki FS38 ehf. né Fons hf. munu nokkru sinni geta endurgreitt lánið, sbr. hér að framan. Hefur stefnandi því orðið fyrir fjártjóni sem nemur fjárhæð lánsins til FS38 ehf. auk vaxta og kostnaðar.

## UM KRÖFUGERD:

Krafa stefnanda byggist á því að fjártjón bankans nemi þeim 6 milljörðum króna sem bankinn veitti FS38 ehf. að láni og fékkst ekki endurgreitt á umsömdum gjalddaga og muni ekki fást greitt.

Krafa um vexti af stefnufjárhæð byggist á því að stefndu beri að greiða vexti frá þeim tíma sem hið bótaskylda atvik leiddi til fjártjóns, sbr. 8. gr. 1. nr. 38/2001, þ.e. við útgreiðsludag lánsins þann 21. júlí 2008 og miðast upphafsdagur vaxta skv. því við þann dag. Krafan um dráttarvexti frá þingfestingardegi til greiðsludags er byggð á 4. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 32. gr., 41. gr., sbr. og 43. gr. laga nr. 91/1991.

## ÁKVÖRÐUN UM MÁLSÓKN:

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 134. gr. hfl., skal ákvörðun um að hlutafélag skuli hafa uppi skaðabótakröfu á hendur stjórnarmönnum, öðrum stjórnendum og einstökum



hluthöfum félags tekin á hluthafafundi. Eins og áður segir yfirtók Fjármálaeftirlitið 7. október 2008 vald hluthafafundar bankans á grundvelli 100. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 125/2008, og skipaði daginn eftir skilanefnd til að stýra bankanum í umboði sínu. Þann 11. maí 2009, skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur bankanum slitastjórn skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 130/2004 og 44/2009. Samkvæmt 2. másl. þeirrar málsgreinar skal slitastjórn taka almennt við þeim réttindum og skyldum, sem stjórn fjármálafyrirtækis og hluthafafundur höfðu á hendi, við slit fyrirtækisins. Samkvæmt 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða V með lögum nr. 161/2002, sbr. lög nr. 44/2009, skal skilanefnd fjármála-fyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað á grundvelli 5. mgr. laga nr. 125/2008 fyrir gildistöku laga nr. 44/2009 og tekur þar af leiðandi til skilanefndar bankans, hafa áðurgreinda stöðu og hlutverk slitastjórnar skv. 2. másl. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002. Af þeim sökum fer skilanefndin með vald stjórnar og hluthafafundar bankans. Með vísun til þeirra ákvæða hlutafélagalaga, sem að framan greinir, hefur ákvörðun um höfðun þessa máls á hendur stefnda Lárusi því verið tekin af skilanefnd og slitastjórn bankans, en formaður hennar, Steinunn Guðbjartsdóttir hrl. er jafnframt aðstoðarmaður bankans við greiðslustöðvun hans.

#### SAMLAGSADILD:

Mál þetta er höfðað gegn stefndu á grundvelli 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um samlagsaðild sem kveður á um að sækja megi fleiri en einn í sama máli ef það eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Þetta mál er sprottið af ákvörðun stefndu Lárusar, Magnúsar Arnars og Rósants Más sem sátu í áhættunefnd bankans þann 9. júlí 2008 um að samþykkja lán til FS38 ehf. á grundvelli lánabeiðni sem stefnda Guðný lagði fyrir nefndina, að kröfu stefndu Lárusar, Jóns Ásgeirs og Pálma. Samkvæmt því á mál þetta rætur að rekja til sama atvika, aðstöðu og löggernings og er skilyrðum samlagsaðildar varnarmegin í málinu því fullnægt.

#### MATSGERÐ:

Stefnandi áskilur sér rétt til að afla matsgerða dómkvaddra matsmanna á verðmæti hlutabréfa í Aurum í júlí 2008 og/eða aðra þá fjárhagslegu þætti sem málsókn þessi beinist að. Áskilinn er réttur til þess að leggja matsgerðir fram í málinu, ef ástæða þykir til og breyta kröfugerð til lækkunar eða hækkunar, með eða án framhalds- og eða sakaukastefnu, til samræmis við niðurstöðu matsgerða og annarra atriða sem kunna að koma upp undir rekstri málsins.

#### SÖNNUNARGÖGN:

Stefnandi mun leggja fram við þingfestingu málsins til stuðnings kröfum sínum helstu gögn sem varða málið, sbr. skjalaskrá á dskj. nr. 2.

#### ALMENNUR ÁSKILNAÐUR:

Stefnandi áskilur sér rétt til að bera fram frekari málsástæður og mótmæli, leggja fram frekari gögn þ.m.t. matsgerðir, breyta og/ eða auka við dómkröfur eða aðild, með eða án framhaldsstefnu eða sakaukastefnu á síðari stigum málsins og allt þar til málið verður dómtekið.



## SKÝRSLUGJÖF:

Stefnandi mun leiða m.a. eftirgreinda vitni til skýrslugjafar auk stefndu:

Fyrrum starfsmenn stefnanda þau; Einar Sigurðsson, Bjarni Jóhannesson, Atli Rafn Björnsson, Guðný Gunnarsdóttir, Gunnar Sigurðsson fyrrum forstjóri Baugs Group hf. Áskilinn er réttur til að leiða fleiri vitni og verður nafnalisti afhentur héraðsdómi með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalmeðferð málsins.


## ÁSKORUN UM AÐ MÆTA VIÐ ÞINGFESTINGU:

Hér með er skorað á stefndu, Guðnýju, Jón Ásgeir, Lárus, Magnús Arnar, Pálma, og Rósant Má, að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 27.apríl 2010 kl. 10.00 árdegis í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ella mega stefndu búast við að dómur verði kveðinn upp að þeim fjarstöddum.

Stefnufrestur ákveðst 3 sólarhringar fyrir stefndu Guðnýju, Magnús Arnar, og Rósant Má en einn mánuður fyrir stefndu Jón Ásgeir, Lárus og Pálma.


Reykjavík 28. mars 2010.

f.h. stefnanda

  
Hröbjartur Jónatansson hrl.

Mér löglega birt f.h. stefndu Lárusar Welding, Pálma Haraldssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar sem hafa falið mér að sækja dómþing við þingfestingu málsins og taka til varna af sinni hálfu. Samrit stefnunnar hefur verið afhent mér. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík 29.mars 2010



*f.h.* Hörður Felix Harðarson hrl.